



ÁRSSKÝRSLA GARÐASKÓLA 2024 - 2025

Ársskýrsla Garðaskóla 2024 - 2025

Ritstjóri: Jóhann Skagfjörð Magnússon, skólastjóri

Höfundar efnis:

Anna Ingibergsdóttir, kennari á skólasafni

Andri Rafn Ottesen, fagstjóri í samfélagsgreinum

Ásta Gunnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi

Ásta Huld Henrysdóttir, aðstoðarskólastjóri

Berglind H. Laxdal Grímsdóttir, kennari í textíl og STEAM

Betty Jónsdóttir, fagstjóri í náttúrufræði

Brynhildur Þórðardóttir, kennari í textíl

Elena Einisdóttir, fagstjóri í stærðfræði

Elfa Arnardóttir, náms- og starfsráðgjafi

Guðrún Björk Einarsdóttir, kennari í textíl

Guðný Rut Gylfadóttir, fagstjóri í dönsku

Guðný Þóra Friðriksdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu

Haraldur Jónasson, kennari í hönnun og smíði

Herborg Eðvaldsdóttir, kennari í myndlist

Hjördís Guðný Guðmundsdóttir, deildarstjóri nemendamála

Hjördís Eva Ólafsdóttir, deildarstjóri nemendamála

Hulda Kristmannsdóttir, fagstjóri í íslenskur

Kristján Rafn Heiðarsson, kennari í heimilisfræði

Hulda Kristmannsdóttir, kennari í íslensku

Hulda Sigurjónsdóttir, kennari í heimilisfræði

Kristín Þórunn Guðmundsdóttir, kennsluráðgjafi

Kristjana Fjóra Sigursteinsdóttir, deildarstjóri nemendamála

Ragnheiður Eggertsdóttir, fagstjóri í íslensku

Ragnhildur Thorlacius, fagstjóri í íslensku

Sigurður Stefán Haraldsson, fagstjóri í ensku

Sædís Harpa Stefánsdóttir, kennari í myndlist

EFNISYFIRLIT

Inngangur	5
Garðaskóli	6
Skóladagatal 2024-2025	6
Nemendur	8
Þróun nemendafjölda	9
Starfsumhverfi nemenda	9
Mötuneyti nemenda	10
Hagsmunagæsla nemenda Garðaskóla	10
Nemendaráð Garðaskóla	10
Starfsfólk Garðaskóla	11
Stjórnendur og nemendavernd	11
Fagstjórar	11
Breytingar í starfsmannahópnum	12
Nefndir og ráð	13
Starfsþróun	13
Foreldrafélag Garðaskóla	15
Skólaráð	15
Áfalla- og öryggisráð	15
Iæsi í garðaskóla	16
Upplýsingatækni	16
Húsnæði Garðaskóla	17
Mat á skólastarfi	17
Ársskýrslur deilda	18
Skýrsla deildarstjóra á sviði nemendamála	18
Skýrsla deildarstjóra stoðþjónustu	26
Danska	38
Enska	39
Heimilisfræði	43
ÍSÁT – íslenska sem annað tungumál	46
Íslenska	47

Myndlist	49
Náttúrufræði	51
Samfélagsfræði	54
Skólaþróttir	57
Smíði	59
STEAM	60
Stærðfræði	62
Textíll og fatahönnun	63
Skýrsla skólasafns Garðaskóla	67
Skýrsla náms- og starfsráðgjafa	69

INNGANGUR

Ársskýrsla er hluti af skólanámskrá Garðaskóla. Í ársskýrslunni er fjallað um það sem hæst bar í á skólaárinu 2024 - 2025. Ársskýrslunni er í senn ætlað að vera verkfæri í innra mati skólans og mikilvæg heimild um skólastarf og inntak þess.

Almennar lýsingar á skipulagi skólans eru birtar í [starfsáætlun](#), [námsáætlunum](#) og öðrum hlutum [skólanámskrár](#). Lesendum er vísað með rafrænum tenglum á [heimasíðu skólans](#) til að afla frekari upplýsinga og því hefur prentuð útgáfa ársskýrslu takmarkað gildi miðað við rafrænu útgáfuna.

Á heimasíðu Garðaskóla má ávallt nálgast ýmsar upplýsingar um daglegt starf, almenna starfshætti og stefnu skólans. Þá birtast mikilvægar upplýsingar um félagsstarf nemenda á [heimasíðu félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar](#) sem m.a. sér um félagslíf nemenda Garðaskóla í nánú samstarfi við starfsfólk Garðaskóla.

Að venju er samt skýrslan greinargerð um öflugt og skapandi starf kennara og annars starfsfólks, nemenda og foreldrasamfélags í Garðaskóla. Skólastjóri þakkar samstarfsfólki frábært samstarf á skólaárinu. Sérstakar þakkir fá stjórnendur, fagstjórar og ábyrgðarmenn verkefni sem hafa lagt til kafla í þá skýrslu sem hér birtist.

Stjórnendur og starfsfólk Garðaskóla þakka öllum aðilum gott og gefandi samstarf á árinu.

Garðabær, júní 2025,

Jóhann Skagfjörð Magnússon, skólastjóri

GARÐASKÓLI

Garðaskóli er sérhæfður skóli fyrir unglingastig sem á gott samstarf við grenndarsamfélag sitt. Skólinn á í góðu samstarfi við nærsamfélagið í Garðabæ, m.a. íþróttafélögin, aðra grunnskóla, Fjölbrautaskólann í Garðabæ og atvinnulífið. Félagsmiðstöðin Garðalundur deilir húsnæði með skólanum og daglegt flæði er milli skóla og félagsmiðstöðvar. Þessi flétta nýtist nemendum vel í leik og starfi.

Á grundvelli þess að Garðaskóli þjónar þremur árgöngum, lokastigi grunnskólans, hefur starfið mótast af sérhæfingu og markvissum vinnubrögðum sem henta námi og kennslu þessa aldurshóps. Til skólans ráðast eingöngu kennarar og starfsmenn sem vilja og geta unnið með nemendum á hinu viðkvæma skeiði 13-16 ára aldurstigsins. Ekki er síður mikilvægt að til kennara skólans eru gerðar ríkar kröfur um þekkingu og færni til að geta kennt það námsefni sem ætlað er unglingum sem eru að ljúka grunnskólanámi. Til viðbótar við kennara starfa við skólann námsráðgjafar og þroskaþjálfar sem auk stjórnenda greina margvíslegar þarfir nemenda og styðja við þá með það að markmiði að hver einstaklingur nái að nýta sem best þau námstækifæri sem í boði eru innan skólans.

Skólinn á rötgróíð samstarf við Fjölbrautaskólann í Garðabæ (FG) og nemendum býðst að taka nám á öðru þrepi framhaldsskólans á meðan þeir stunda nám í Garðaskóla. Hópa- og ferðakerfi Garðaskóla býður nemendum fjölbreyttar námsleiðir sem hver einstaklingur getur sniðið að áhuga sínum og námslegum þörfum.

Í Garðaskóla er rík áhersla lögð á lýðræðisleg vinnubrögð og að efla hæfni nemenda til lýðræðislegrar þátttöku. Nemendur fá markvissa þjálfun í gagnrýninni hugsun og þátttöku í samræðu. Þeim gefst kostur á að starfa að umbótum innan skólans með þátttöku í nefndum og ráðum. Nemendur hafa áhrif á námsframboð og vinnulag í skólanum og taka þátt í framkvæmd ýmissa verkefna, t.d. kennslu á uppbrotsdögum.

SKÓLADAGATAL 2024-2025

Skóladagatal í leik- og grunnskólum Garðabæjar er samræmt til að mæta þörfum fjölskyldna og skapa möguleika á samstarfi þvert á skóla. Meginrammi skóladagatalsins er samþykktur af skólanefnd að vori en minniháttar tilfærslur á viðburðum geta orðið eftir því sem líður á skólaárið.

Í Garðaskóla er skóladagatal ávallt aðgengilegt á [vef skólans](#). Fyrir starfsmenn er birt ítarlegri útgáfa þar sem fundir og nánari skýringar á uppbrotsverkefnum eru settar inn til að auðvelda skipulag á daglegu starfi.

Eftirfarandi er skóladagatal Garðaskóla fyrir skólaárið 2024 - 2025:

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 L	1 L	1 Þ	1 F	1 S
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 F	2 M	2 M
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F	3 L	3 Þ
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ	4 F	4 S	4 M
5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M	6 F	6 F	6 S	6 Þ	6 F
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F	7 M	7 M	7 L
8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F	8 S
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 F	9 F	9 M
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 F	10 S
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 S	13 Þ	13 F
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F	14 M	14 M	14 L
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F	15 S
16 F	16 F	16 M	16 L	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F	16 M
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 L	17 M	17 Þ
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F	18 S	18 M
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F	20 S	20 F	20 M
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 M	21 M	21 L
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 F	22 S
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 S	23 M	23 F	23 M
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ	24 M	24 F	24 F	24 M	24 L	24 Þ
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M	25 L	25 Þ	25 Þ	25 S	25 S	25 M
26 M	26 F	26 L	26 F	26 F	26 S	26 M	26 M	26 L	26 F	26 F
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 S	27 Þ	27 F
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 L	29 Þ	29 F	29 S
30 F	30 M	30 L	30 M	30 F	30 F	30 S	30 S	30 M	30 M	30 M
31 L	31 F	31 M	31 F	31 M	31 F	31 M	31 M	31 L	31 L	31 S

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum.
Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Vegna verkfalls kennara við Garðaskóla féll kennsla niður dagana 25. – 29. nóvember (fimm almennir kennsludagar) og aftur dagana 3. – 7. febrúar (fjórir almennir kennsludagar auk samráðsdags heimila og skóla).

NEMENDUR

Við skólaslit í júní 2025 voru nemendur skólans 623. Það er sami fjöldi og gefinn var upp í starfsáætlun skólans í upphafi skólaárs þó svo að vissulega hafi verið hreyfing á nemendum yfir skólaárið.

	Drengir	Stúlkur	Samtals	Umsjónarkennari
8. bekkur	103	82	185	
8. ALH	14	9	23	Anna Lena Halldórsdóttir
8. ARO	12	8	20	Andri Rafn Ottesen
8. EHR	14	11	25	Erla Hrönn Randversdóttir
8. RA	11	12	23	Rósanna Andrésdóttir
8. RBG	12	13	25	Rósa Björk Guðnadóttir
8. SSH	15	9	24	Sigurður Stefán Haraldsson
8. VMÍ	13	9	22	Vilborg María Ísleifsdóttir
8. ÞH	12	11	23	Þorfinnur Hannesson


9. bekkur	106	97	203	
9. BRB	12	12	24	Berglind Rósa Birgisdóttir
9. EE	12	8	20	Elena Einisdóttir
9. GHÁ	12	11	23	Gígja Hrönn Árnadóttir
9. GRG	10	13	23	Guðný Rut Gylfadóttir
9. HB	9	11	20	Heimir Björnsson
9. HLG	15	9	24	Halldóra Lind Guðlaugsdóttir
9. KH	13	9	22	Katrín Halldórsdóttir
9. MJ	13	12	25	Móeiður Júníusdóttir
9. RS	10	12	22	Ragnheiður Stephensen

10. bekkur	115	120	235	
10. BJ	14	13	27	Margrét Bettý Jónsdóttir
10. EDH	15	12	27	Elsa Dögg Helgadóttir
10. EHH	11	14	25	Elfa Huld Haraldsdóttir
10. HBG	13	13	26	Hulda Björk Guðmundsdóttir
10. HS	12	16	28	Hulda Sigurjónsdóttir
10. KP	15	12	27	Karl Pálsson
10. RPS	13	12	25	Rúnar Páll Sigmundsson
10. RT	13	13	26	Ragnhildur Thorlacius
10. SHS	9	15	24	Sædís Harpa Stefánsdóttir

Samtals	324	299	623
----------------	------------	------------	------------

Þróun nemendafjölda

Hér má sjá þróun nemendafjölda miðað við tölur í ársskýrslu Garðaskóla síðustu ár:



Ef lítið er á fjölda skráðra nemenda í skólanum á næsta skólaári, eins og staðan er í lok júní 2025, eigum við von á að á næsta skólaári verði 564 nemendur við skólann.

Starfsumhverfi nemenda

Á unglingastigi sækja nemendur 37 kennslustundir á viku samkvæmt Aðalnámskrá. Kennslustundir í Garðaskóla eru skipulagðar sem 55 mínútna einingar en ekki 40 mínútna eins og Aðalnámskrá gerir ráð fyrir. Vinnuvika nemenda er því að meðaltali 24-25 kennslustundir og svo bætist við 20 mínútna yndislestrartími daglega. Fyrsta kennslustund í Garðaskóla hefst kl. 8.10 og skóladegi lýkur í flestum tilvikum annað hvort kl. 14.15 eða kl. 15.15, þó svo að kennsla hafi suma daga staðið allt til 17:15. Skipulag stundatafla er afar misjöfn milli nemenda þar sem töflur þeirra eru einstaklingsmiðaðar í 9. og 10. bekk.

Námið í Garðaskóla er fjölbreytt og mikil áhersla er lögð á að nemendum líði vel í skólanum og þeir njóti sín við nám og störf. Nemendur fara milli skólastofa í faggreinakennslustofur. Kennslustundir eru brotnar upp með frímínútum og matarhléi. Nemendur stjórna ferðum sínum um húsnæði og skólalóð sjálfir og í frímínútum og eyðum hafa nemendur aðgang að Miðjunni, upplýsingaveri skólans, þar sem aðstaða er góð til lesturs, heimanáms, tafls eða til að eiga rólega stund. Einnig geta nemendur farið í Garðalund á skólatíma.

Nemendur fá námsáætlanir í hverri námsgrein í upphafi hverrar annar og þar eru upplýsingar um þau hæfniviðmið sem stefnt er að í hverri námsgrein, framvindu námsins og tilhögun námsmats. Öðru hvoru yfir skólaárið er hefðbundin kennsla lögð til hliðar og árgöngum blandað í starfi og leik. Ýmsar hefðir hafa skapast

í skólanum er varða uppbrot og óhefðbundið skólastarf og fjalla deildarstjórar nánar um þetta í skýrsluhluta sínum.

Mötuneyti nemenda

Matartíminn rekur mötuneyti fyrir nemendur og geta allir nemendur fengið heitan mat í hádeginu þeim að endurgjaldslausu. Þetta var fyrsta skólaárið þar sem nemendur gátu fengið ókeypis hádegismat. Forráðafólk þurftu þó að skrá sitt barn í mataráskrift til þess að hægt væri að áætla fjölda skammta. Þeir nemendur sem nýttu sína áskrift í minna en helming tilvika í hverjum mánuði voru skráðir úr mat, en forráðafólk gat þó skráð það aftur í áskrift jafnhraðan. Ekki fór fram mæling á matarsóun í vetur, frekar en fyrri ár, en ljóst var af samtölum við starfsfólk í gæslu og starfsfólk Matartímans að matarsóun jókst umtalsvert.

Í lok vetrar rann út samningur milli Garðabæjar og Matartímans um rekstur mötuneytisþjónustu í Garðaskóla og fór fram nýtt útboð sem Matartíminn tók ekki þátt í. Frá og með næsta skólaári mun því Skólamatur aftur reka mötuneytisþjónstu fyrir nemendur og starfsfólk Garðaskóla.

Hagsmunagæsla nemenda Garðaskóla

Í nemendasamfélaginu starfa nokkrir hópar sem gegna ábyrgðarstörfum, taka þátt í stefnumótun fyrir skólann og framkvæmd ýmissa viðburða.

Félagsmálaval Garðalundar er öflugur hópur sem stendur að félagslífi nemenda við skólann og er umsjón þess í höndum Garðalundar.

Nemendaráð Garðaskóla var starfrækt undir stjórn Rósönnu Andrédóttur og Sæðisar Hörpu Stefánsdóttur umsjónarkennara við skólann.

Nemendaráðgjafar starfa með námsráðgjöfum að ýmsum velferðarmálum nemenda, t.d. að vinna gegn einelti innan skólans og taka vel á móti nýjum nemendum. Ásta Gunnarsdóttir námsráðgjafi hélt utan um starf nemendaráðgjafa líkt og síðustu ár. Nánar má lesa um starf nemendaráðgjafa í skýrslu náms- og starfsráðgjafa.

Nemendaráð Garðaskóla

Markmið nemendaráðs er að vinna að hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Síðustu ár var starf nemendaráðs í höndum deildarstjóra sem hefur hitt fulltrúa úr hverjum bekk reglulega. Þetta skipulag gafst ekki gefist nógu vel, hvorki að mati starfsfólks né nemenda, og brugðið var á það ráð fyrir þennan vetur að fá tvo öfluga kennara við skólann til að sjá um nemendaráðið, þær Rósönnu Andrédóttur og Sæðisi Hörpu Stefánsdóttur.

Nemendaráð er stjórnendum til ráðgjafar og kemur skoðunum og óskum nemenda á framfæri við starfsfólk. Tveir meðlimir ráðsins sitja fyrir hönd nemenda í skólaráði Garðaskóla og einnig sitja tveir úr Nemendaráði í ungmennaráði Garðabæjar.

STARFSFÓLK GARÐASKÓLA

Fjöldi starfsfólks var 76 við lok skólaársins, sem er sami fjöldi og í lok síðasta skólaárs. Um fjórðungur starfsfólks er karlkyns. Grunnskólakennarar eru langfjölmennasti starfsmannahópurinn en auk þeirra starfa stjórnendur, þroskajálfar, félagsráðgjafi, náms- og starfsráðgjafar, stuðningsfulltrúar og almennir starfsmenn í húsinu. Nánara yfirlit um starfsfólk skólans má finna í starfsáætlun hvers árs.

Þegar litið er á heildarstöðugildi starfsfólks við lok skólaárs eru það 71,25 stöðugildi sem þýðir 8,87 nemendur á hvern starfsmann. Þegar aðeins er litið til stöðugilda þeirra sem eru með kennsluréttindi og starfsréttindi þroskajálfa, sem voru 57,6 stöðugildi kemur í ljós að nemendur voru 10,8 á hvern. Ef litið er á sama hóp og stjórnendur og námsráðgjafar dregnir frá, 49,6 stöðugildi, voru nemendur 12,6 á hvern starfsmann.

Innan skólans unnu einnig starfsmenn annarra stofnana og samstarfsaðila svo sem starfsmenn Félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar, hjúkrunarfræðingur og skólasálfræðingur. Nánari upplýsingar um starfsmenn skólans er að finna á [vefsíðu skólans](#).

Stjórnendur og nemendavernd

- Skólastjóri: Jóhann Skagfjörð Magnússon
- Aðstoðarskólastjóri: Ásta Huld Henrysdóttir.
- Deildarstjórar nemendamála: Hjördís Guðný Guðmundsdóttir, Hjördís Eva Ólafsdóttir og Kristjana Fjóra Sigursteinsdóttir
- Deildarstjóri námsvers: Guðný Þóra Friðriksdóttir
- Skrifstofustjóri: Óskar Björnsson
- Náms- og starfsráðgjafar: Ásta Gunnarsdóttir og Elfa Arnarsdóttir
- Skólasálfræðingur: Kristín Ósk Leifsdóttir
- Skólahjúkrunarfræðingur: Aldís Erna Pálsdóttir

Fagstjórar

Fagstjórar gegna mjög mikilvægu hlutverki í stjórnun og framþróun faglegs starfs í skólanum. Mikilvægt er að starf innan fagdeilda sé samræmt og bera fagstjórar ábyrgð á því að þróa starfið áfram.

Veturinn 2024-20256 voru fagstjórar þessir:

- Danska: Guðný Þóra Gylfadóttir
- Enska: Sigurður Stefán Haraldsson
- Íslenska: Hulda Kristmannsdóttir, Ragnheiður Eggertsdóttir og Ragnhildur Thorlacius

- Íþróttir: Rúnar Páll Sigmundsson
- Náttúrufræði: Margrét Bettý Jónsdóttir
- Samfélagsfræði: Andri Rafn Ottesen
- Stærðfræði: Elena Einisdóttir

Ekki eru fagstjórar í list- og verkgreinum en í staðinn er kennurum í þeim deildum launað svigrúm til að hafa umsjón með innkaupum, sinna tiltekt í stofum og halda utan um tækjabúnað.

Í vetur var gerð tilraun með það að hafa þrjá fagstjóra í íslensku í stað eins, og bar þá hver fagstjóri ábyrgð á einum árgangi. Þó að þetta fyrirkomulag hafi haft ýmsa kosti voru gallarnir þó fleiri og ákveðið hefur verið að snúa aftur til fyrra horfs og hafa einn fagstjóra í íslensku næsta vetur.

Breytingar í starfsmannahópnum

Nokkrar breytingar urðu í starfsmannahópnum fyrir skólaárið og á meðan því stóð. Í

Nýtt starfsfólk á skólaárinu voru:

- Berglind Laxdal H. Grímsdóttir, kennari í sköpunarsmiðju
- Brynhildur Þórðardóttir, textílkennari
- Elfa Arnardóttir, námsráðgjafi
- Helena Guðrún Þórsdóttir, stuðningsfulltrúi
- Helga Ágústsdóttir, sérkennari
- Katrín Eva Gunnþórsdóttir, stuðningsfulltrúi
- Kolbeinn Ingi Jónsson, stuðningsfulltrúi
- María Viktoría Rúnarsdóttir, stuðningsfulltrúi
- Ólafur Ómarsson, stundakennari í forritun
- Rósa Björk Guðnadóttir, íslenskukennari

Eftirfarandi starfsfólk lauk störfum á skólaárinu eða í lok skólaárs:

- Aron Logi Sigurpálsson
- Halla Thorlacius, enskukennari
- Helena Guðrún Þórsdóttir, stuðningsfulltrúi
- Katrín Eva Gunnþórsdóttir, stuðningsfulltrúi
- María Viktoría Rúnarsdóttir, stuðningsfulltrúi

- Sigurbjörg Hjartardóttir, sérkennari

Þeim starfsmönnum sem nú hafa kvatt okkur er þakkað gott samstarf. Þessu til viðbótar er ljóst að Svandís Ríkharðsdóttir mun verða í launalaus leyfi á næsta skólaári.

Nefndir og ráð

Samtal aðila og dreifð ábyrgð á verkefnum eru nauðsynlegir hornsteinar að lýðræðislegum vinnubrögðum í skólanum. Því er lögð áhersla á að starfsmenn, nemendur og forráðamenn hafi aðgang að ákvarðanatöku og framkvæmdaáætlun skólans með þátttöku í nefndum og ráðum.

Það verklag að hvetja alla starfsmenn skólans að láta til sín taka í að minnsta kosti einu verkefni utan fastra daglegra starfa hefur fest sig í sessi með nefndum starfsmanna. Virkni þessara nefnda í Garðaskóla hefur verið minni síðustu ár vegna viðvarandi álags vegna húsnæðisvandræða og tíðra flutninga sem sett hefur svip sinn á skólastarfið. Síðasta vetur hófst þó aftur skipulagt starf nefnda og unnu þær gott starf sem lagði grunninn að faglegri skólastarfi fyrir næsta vetur. Nefndirnar eru mikilvægt tækifæri starfsfólks til að hafa áhrif á framkvæmd og þróun skólastarfsins og til að starfsfólk upplifi að til sé farvegur til að koma nýjum hugmyndum í verk.

Nefndirnar sem starfræktar voru á skólaárinu voru áfalla- og öryggisnefnd, endurmenntunarteymi, forvarnarteymi, gæðanefnd, heilsueflyingarteymi, jafnréttisnefnd, læsisteymi, skólaþróunarteymi, umhverfisteymi, umsjónarkennarateymi, öryggisnefnd,

Starfsþróun

Símenntunarnefnd skólans skráir óskir starfsmanna um starfsþróunarverkefni, forgangsraðar þeim og gerir áætlun um framkvæmd námskeiða. Starfsþróunaráætlun skólans hefur undanfarin ár verið byggð upp á tveimur megin þáttum:

1. Að allir starfsmenn fái reglulega fræðslu og þjálfun í verkefnum sem varða öryggi í húsinu, velferð unglunga, skólabrag og framþróun kennsluhátta.
2. Að allir starfsmenn hafi svigrúm til að þróa færni sína og þekkingu á því sviði sem þeir hafa mestan áhuga á og þjónar þörfum skólans.

Stærsta starfsþróunarverkefni skólaársins var endurskoðun á skólanámskrá og kennsluáætlunum í kjölfar breytinga á aðalnámskrá sem byrja á að vinna eftir á næsta skólaári. Að auki fór stór hluti starfsfólks í endurmenntunarferð til Ítalíu að skólaári loknu.

Ingibjörg Anna Arnarsdóttir vann að þróunarverkefninu sínu *Samstarf og samvera* sem hún fékk úthlutun fyrir úr Þróunarsjóði grunnskóla vorið 2024. Verkefið snerist um að þróa bekkjarkvöld fyrir hvern 8. bekk þar

sem foreldrar fá ýmsa fræðslu um skólann og um hlutverk foreldra unglunga ásamt því að fara í hópeflisleiki með nemendum.

Haustið 2024 fékk skólinn svo styrk úr sama sjóði fyrir verkefninu *Sköpunarsmiðja í anda STEAM hugmyndafræði*. Settur var inn skylduáfangi í 8. bekk, sem kom í staðinn fyrir tónmennt, þar sem nemendur lærðu vinnubrögð og hugmyndafræði STEAM auk þess sem Berglind þróaði valfag fyrir eldri nemendur sem boðið verður upp á næsta skólaár.

Vorið 2025 fékk skólinn svo úthlutað styrk úr þróunarsjóðnum fyrir fjórum verkefnum til viðbótar sem unnið verður að á næsta skólaári. Um er að ræða verkefnin *Verklegar æfingar í náttúrufræði á unglingastigi*, *Sambætting náttúru- og samfélagsgreina í 8. bekk*, *Endurnýjun námsefnis og rafræn próf í ensku* og *Ekki rusl heldur fjársjóður*.

FORELDRAFÉLAG GARÐASKÓLA

Því miður hefur lítil virkni verið í stjórn foreldrafélags Garðaskóla að undanförunu auk þess sem erfiðlega hefur gengið að fá foreldra til að taka að sér hlutverk bekkjartengla. Halda átti aðalfund foreldrafélagsins á vorönn en honum var að endingu frestað til 10. september næstkomandi. Stjórn félagsins var kjörin á aðalfundi félagsins þann 22. nóvember 2023.

Núverandi stjórn félagsins skipa þau Arndís Þorvaldsdóttir, Anna Vigdís Kristinsdóttir, Eva Hrönn Jónsdóttir, Guðjón Örn Björnsson og Halldór Hildimundarson,

SKÓLARÁÐ

Skólastjóri ber ábyrgð á að kalla saman skólaráð ár hvert og stýrir starfi þess. Skólaráð starfar samkvæmt 8. grein laga nr. 91/2008 um grunnskóla og reglugerð nr. 1157/2008 og er meginverkefni þess að vera samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalald. Skólaráð fjallar um og tekur þátt í stefnumörkun skólans og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélag um skólalald.

Í skólaráði sitja tíu fulltrúar: skólastjóri og aðstoðarskólastjóri, tveir fulltrúar kennara, fulltrúi annarra starfsmanna skólans, tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar nemenda og fulltrúi grenndarsamfélagsins. Starfsreglur og fundargerðir skólaráðs eru birtar á [heimasíðu skólans](#).

ÁFALLA- OG ÖRYGGISRÁÐ

Í áfalla- og öryggisráði sátu að venju skólastjóri, skrifstofustjóri, umsjónarmaður fasteignar, náms- og starfsráðgjafar, forstöðumaður Garðalundar og skólahjúkrunarfræðingur. Áfallaráð fylgdist vel með hvort nemendur eða starfsfólk verði fyrir áföllum og bregst við eftir þörfum í hvert skiptið.

Auk þess hefur Vigdís Björk Agnarsdóttir proskapjálfi verið ráðgjafi um ýmis mál. Hún sér einnig um að yfirfara skyndihjálpartöskur skólans í góðu samstarfi við skólahjúkrunarfræðing.

Rýmingaráætlun skólans var uppfærð í vetur en ljóst er að uppfæra þarf hana aftur á næsta skólaári í kjölfar breytinga á húsnæðiskosti skólans.

LÆSI Í GARÐASKÓLA

Líkt og síðustu ár hittist hver umsjónarbekkur í 20 mínútur á hverjum degi í svokölluðum yndislestrartíma. Í tímunum fá nemendur ákveðið hlé frá ys og þys skóladagsins og fá tækifæri til að einbeita sér að yndislestri í rólegu umhverfi. Árangur nemenda skólans í *Lesferli* ber þess merki að nemendur í Garðaskóla auki muninn á milli sín og jafnaldra á landinu á námstíma sínum í Garðaskóla og þökkum við yndislestrartímunum fyrir það.

Almennt má segja að yndislestrartímarnir hafi gengið vel á skólaárinu, best virðist þó ganga að halda 8. bekk við efnið. Það hefur líka sýnt sig að þegar hver árgangur á að lesa kjörbók í ákveðnu fagi og hluti af vinnunni með efnið á að fara fram heima þá nýta nemendur yndislestrartímana betur. Einnig má nefna að andrúmloft í yndislestrartímum byggist á hversu mikinn áhuga kennarar sjálfir hafa á lestri og hversu góðar fyrirmyndir þeir eru.

Lesfímipróf Menntamálastofnunar voru lögð fyrir nemendur þrisvar yfir skólaárið í september, janúar og maí, margir umsjónarkennarar sáu um að lestrarprófa nemendur sína. Almennt er það rætt að með því hafi kennarar betri yfirsýn yfir getu nemenda og eigi auðveldara með að hvetja þá áfram í yndislestrartímum.

Það geta flest allir verið sammála um að lestur og lestrargeta er mikilvægur þáttur í skólastarfi því verður þessi hluti að vera í sífelldri endurskoðun og umræðu innan skólans. Síðustu ár hafa yndislestrartímar verið staðsettir í stundatöflu á móti hádegismat þannig að einn árgangur er í yndislestri á meðan tveir eru í hádegismat og svo eru tveir árgangar í yndislestri á meðan einn árgangur er í hádegismat. Þetta hefur skapað þær aðstæður að umhverfi þeirra nemenda sem eru í yndislestri er ekki eins rólegt og best væri kosið. Í lok vetrar var tekin sú ákvörðun að á næsta skólaári verða allir nemendur skólans á sama tíma í yndislestri á hverjum degi. Með því vonumst við til að skapa rólegra lestrarumhverfi fyrir alla nemendur.

UPPLÝSINGATÆKNI

Upplýsingatækni í 8. bekk er orðin föst í sessi og námsefnið aðlagað að þörfum nemenda og krafna um þekkingu á forritum í öðrum námsgreinum. Verkefni í upplýsingatækni eru unnin þverfaglega með t.d. ensku, samfélagsfræði og textíl, eftir því sem við á.

Kennsluráðgjafi og kennari á bókasafni héldu áfram að kynna sér möguleika hönnunarsmiðunnar og læra á tæki og tól og miðla til áhugasamra nemenda. Markmiðið er að halda áfram öfluggu starfi hönnunarsmiðunnar þar sem áfram verður kennd hönnun fyrir vinylskera, laserskera og þrívíddarprentara, kynnst sýndarveruleika, rafmagnsfræði og margt fleira.

Mikil notkun var á þristinum við upptöku á mynd- og hljóðefni. Í þristinum er grænn veggur ætlaður til bakgrunnsbreytinga. Annar grænn veggur er í almennu rými nemenda á 1. hæð auk þess sem í boði er að fá lánuð græn teppi til að setja upp sem bakgrunn.

Gríðarleg bylting varð í upphafi skólaárs þegar hver og einn nemandi fékk chromebook tölvu til notkunar og er starfsfólk skólans sammála um að sú ákvörðun hafi opnað á fjölbreyttari leiða til kennslu og nútímalegri vinnuaðferða nemenda.

HÚSNÆÐI GARÐASKÓLA

Húsnæði Garðaskóla er vel nýtt af skóla og félagsmiðstöð. Auk þess starfar vinnuskóli Garðabæjar í húsinu á sumrin og félagasamtökum verið boðin aðstaða til námskeiðahalds og gistingar. Þegar skólaárið hófst hafði skólinn til afnota fjórar lausar kennslustofur við þá hlið skólans sem snýr í átt að Flataskóla og fjórar til viðbótar við þá hlið sem snýr að Hafnarfjarðarvegi.

Veturinn litaðist töluvert af framkvæmdum í húsinu líkt og síðustu ár. Alls voru fjórar stofur lokaðar í lengri og skemmri tíma auk þess sem félagsmiðstöðin Garðalundur hafði ekki aðgang að sinni aðstöðu allan veturinn. Í stað þess bjó Garðalundur um sig í tveimur færanlegum kennslustofum við þá hlið skólans sem snýr að Flataskóla.

Að samræma skólastarf og framkvæmdir á húsnæðinu reyndist áskorun fyrir starfsfólk og nemendur skólans, þó að framkvæmdir ársins hafi verið mun viðaminni en á síðasta skólaári.

Í sumar mun smíðastofa skólans vera tekin í gegn auk þess sem vinna á í lagfæringum á aðstöðu Garðalundar innan skólans.

MAT Á SKÓLASTARFI

Gæðanefnd skólans vann gott starf við að greina niðurstöður úr Skólapúlsinum. Nemendakönnun var lögð fyrir úrtak nemenda mánaðarlega og að auki var lögð fyrir foreldrakönnun í febrúar. Ítarlegar skýrslur hafa verið unnar úr niðurstöðunum auk þess sem farið hefur verið yfir þær í hópi stjórnenda og kennara.

Skýrslur um niðurstöður innra og ytra mats í Garðaskóla eru birtar á [vef skólans](#).

ÁRSSKÝRSLUR DEILDA

Í seinni hluta ársskýrslu Garðaskóla má lesa skýrslur fagstjóra, deildarstjóra, náms- og starfsráðgjafa, kennsluráðgjafa og forstöðumanna skólasafns og Garðalundar. Þessar skýrslur segja frá daglegu starfi skólans og leggja á það mat.

Skýrsla deildarstjóra á sviði nemendamála

Skólaárið 2024-2025 voru þrír deildarstjórar á sviði nemendamála við Garðaskóla; Hjördís Guðný Guðmundsdóttir, Kristjana Fjóla Sigursteinsdóttir og Hjördís Eva Ólafsdóttir.

Deildarstjórar halda utan um dagskrá skólastarfs og upplýsingaflæði, eru tengiliðir farsældar og allra aðila innan skólans og verkstýra umsjónarkennurum eftir þörfum. Eins halda deildarstjórar utan um viðveru, námsframvindu og líðan nemenda og eru í samstarfi við forráðamenn og annað fagfólk varðandi þau mál eftir þörfum. Deildarstjórar koma að skipulagi samráðsfunda og sjá um skipulag og verkefnastjórn á uppbrotsdögum. Þeir sjá um skipulag prófa og eru tengiliðir við tungumálaver og Tækniskólann þegar það á við sem og önnur skólaúrræði.

Störf deildarstjóra eru margþætt. Þeir vinna með og aðstoða nemendur í margvíslegum málum í samvinnu og samráði við deildarstjóra stoðþjónustu og skólastjórnendur, kennara, forráðamenn, námsráðgjafa og aðra fagaðila skólans. Hlutverk deildarstjóra er að:

- ✓ taka á móti nýjum nemendum og forráðamönnum þeirra, kynna skólann og starfsemi hans og tryggja það að nýir nemendur raðist í rétta hópa og fái aukaaðstoð í einstaka fögum ef þörf er á.
- ✓ aðstoða nemendur við töflubreytingar svo þeir séu í námi við áhuga og hæfi.
- ✓ fylgjast með viðveru nemenda og grípa inn í, eftir ákveðnum verkferlum, ef hnökrar eru á henni.
- ✓ eru tengiliðir farsældar ásamt deildarstjóra stoðþjónustu.
- ✓ sitja í teymi með námsráðgjöfum um ástundun nemenda og fara yfir ósamfelldar fjarvistir og veikindi/leyfi samkvæmt útgefnu efni frá Garðabæ varðandi skólasókn nemenda í grunnskólum Garðabæjar.
- ✓ sitja í teymi með námsráðgjöfum ef upp koma eineltis- eða neikvæð samskiptamál.
- ✓ sitja í nemendaverndarráði og vinna ásamt fagaðilum að lausn allra mála sem að nemendum snúa.
- ✓ vera í reglulegum samskiptum við forráðamenn þeirra barna sem ná ekki að fóta sig að fullu í starfi Garðaskóla og eins þeirra sem lenda í samskiptavanda.
- ✓ skipuleggja allt uppbrotsstarf í skólanum bæði hvað varðar tímaskipulag nemenda og starfsmanna í samstarfi félagsmiðstöðina Garðalund og skólastjórnendur.
- ✓ vera í nánú samstarfi við umsjónarkennara og aðra kennara skólans. Hitta umsjónarkennara á reglulegum fundum til þess að skipuleggja starfið framundan og tryggja að allar upplýsingar berist nemendum og forráðamönnum.
- ✓ taka starfsþróunarsamtöl ásamt skólastjóra og aðstoðarskólastjóra.

- ✓ eru viðstaddir skólasetningu og undirbúa útskrift og skólaslit.

Viðvera nemenda

Skólaárið 2024-2025 var sjöunda árið sem unnið var eftir núverandi skólasóknarkerfi Garðabæjar. Kerfið er byggt upp á tveimur viðmiðum, fjölda fjarvistarstiga annars vegar og raunmætingu hins vegar. Fjarvistarstig voru gefin fyrir eftirfarandi:

Tegund fjarveru	Telur til lækkunar á raunmætingu	Fjarvistarstig til lækkunar á skólasóknareinkunn
Seint	0,33 tími	0,33 stig
Ólögmæt fjarvera	1 tími	1 stig
Vísað úr kennslustund	1 tími	1 stig
Án sundfata / íþróttafata	0,33	0,33

Mætingareinkunn nemenda grundvallaðist af fjölda fjarvistarstiga og var eftirfarandi:

Fjöldi fjarvistastiga	Skólasóknareinkunn að vori
0-2 fjarvistarstig	A
2,1-10 fjarvistastig	B
10,1-14 fjarvistastig	C
>14,1 fjarvistastig	D


Markmiðið með því að aðgreina fjarvistarstig og raunmætingu er að geta kallað fram upplýsingar um hve mikið nemandi er raunverulega viðstaddur í kennslustundum þegar tekið er tillit til leyfa, veikinda, vottorða og annarra þátta sem ekki hafa áhrif á skólasóknareinkunn. Þó svo að það séu fjarvistarstigin sem ákvarði mætingareinkunn nemenda er ekki síður mikilvægt að fylgjast vel með raunmætingu nemenda. Þannig getur nemandi verið með 0 fjarvistarstig en aðeins 60% raunmætingu vegna fjölda leyfis- og/eða veikindadaga. Í þannig tilvikum er einnig nauðsynlegt að bregðast við. Ferlarnir eru skýrir og gera ráð fyrir viðbrögðum við fjarveru nemenda vegna óútskýrðra fjarvistarstiga, veikinda eða leyfa. Allt sem hefur áhrif á raunmætingu nemenda.


Ferillinn sem unnið er eftir lítur svo út:

Ósamfelldar fjarvistir	Veikindi/leyfi
2-7 fjarvistir Umsjónarkennari ræðir við nemanda og aðstandendur hans	10 dagar eða fleiri Umsjónarkennari hefur samband við aðstandendur. Áætlun um námsframvindu unnin í sameiningu.
8-14 fjarvistir Fundur með umsjónarkennara, nemanda, aðstandendum og skólastjórnanda ef ástæða þykir til.	15 dagar eða fleiri Umsjónarkennari upplýsir skólastjórnendur um stöðu mála, hefur samband við aðstandendur og gerir áætlun um námsframvindu.

15-20 fjarvistir Málinu er vísað til umræðu í nemendaverndarráði	20 dagar eða fleiri Skólastjórnandi boðar aðstandendur til fundar og vísar málinu til umfjöllunar í nemendaverndarráði.
21 eða fleiri fjarvistir Tilkynning til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.	Engin breyting til batnaðar á skólasókn Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.

Ástundunarteymi Garðaskóla lauk sínu þriðja starfsári í vor. Ástundun var aftur tekin út fyrir fundi nemendaverndarráðs á síðasta skólaári (eins og árið þar áður 2023-2024) vegna umfangs verkefnisins. Í ástundunarteymi sátu deildarstjórar nemendamála og námsráðgjafar. Ástundunarteymið hittist oftast vikulega á fundum og fór yfir ósamfelldar fjarvistir og veikindi/leyfi nemenda. Vikulega var fjarvistaryfirlit allra nemenda sent til foreldra frá skrifstofu skólans. Vikulega var tekin út viðvera nemenda í ástundunarteymi og farið yfir stöðu einstakra nemenda, verkefnum útdeilt og tekin ákvörðun um næstu skref. Á 2-4 vikna fresti fengu kennarar sendan póst með litakóðuðu yfirliti um sína umsjónarnemendur sem þeim bar svo að bregðast við samkvæmt ferlum Garðabæjar um skólasókn nemenda í grunnskólum Garðabæjar. Nemendum sem sýndu engar framfarir varðandi ástundun var að lokum vísað til nemendaverndarráðs. Ef engin úrræði skólans dugðu var ástundun og/eða aðstæður nemenda tilkynntar til barnaverndaryfirvalda. Töluverðar umræður áttu sér stað við BVN um þessar tilkynningar og verklagsreglur í kringum þær. Við lok skólaárs dreifðust skólasóknareinkunnir eins og hér er sýnt:






Nokkrum nemendum var boðið að gera skólasóknarsamning við deildarstjóra þar sem þeim var gert kleift að bæta skólasóknareinkunn sína um eina einkunn með því að bæta ekki við sig fleiri fjarvistarstigum út önnina. Nokkrir formlegir samningar voru gerðir í ár en árangur þeirra misjafn, nokkuð margir sem fóru á samning tókst ekki að bæta mætingu. Á vitnisburðarblöðum var birt skólasóknareinkunn, en raunviðvera var einnig birt þannig að þótt nemendum tækist að bæta einkunn týndust ekki upplýsingar um raunverulega viðveru þeirra.

Alls voru 107 nemendur með 0 fjarvistarstig allt skólaárið 2024-2025, sem er fækkun frá síðasta skólaári þegar 112 nemendur voru með 0 fjarvistarstig. Engir nemendur voru með 100% raunmætingu skólaárið 2024-2025 sem er lakari útkoma en í fyrra þegar 3 nemendur voru með 100% raunmæting. 2–4 nemendur hlutu viðurkenningu við skólaslit/útskrift fyrir framúrskarandi ástundun í hverjum árgangi.

Meðaltal raunmætingar í skólanum 2024-2025 var 87,1 % en var 86,21% árið áður og 86,7% árið þar áður. Meðalfjöldi fjarvistarstiga skólaárið 2024-2025 var 23,2 en var 24,25 árið þar á undan, fyrir 5 árum var meðalfjöldi fjarvistarstiga 11,5. Fjarvistarstig og raunmæting hafa því miður verið í neikvæðri þróun sl ár. Það er því nauðsynlegt að fylgjast vel með þessari þróun á næstu árum og úrbóta þörf.

Þróun raunmætingar eftir árgöngum er sem hér segir:

Samanburður meðaltals raunmætinga eftir árgöngum milli skólaára. Vor 2025



Eins og sést á viðveruskráningu þá er raunmæting betri hjá 8. og 9. bekk heldur en 10. bekk þetta skólaár. Raunmæting hefur dalað heilt yfir síðastliðin ár sem og fjarvistastig aukist mikið sem er áhyggjuefni. Líklegt má telja að árin 2021-2022, þegar Covid var í hávegum, hafi haft áhrif, enda skráningar ekki á sama hátt og á venjulegu ári.

Þróun verkferla vegna leyfisumsókna nemenda með skólasóknarvanda

Ljóst er að sú áhersla sem lögð var á hendur umsjónarkennara, nemenda og foreldra að fylgjast með skólasókn og að gera athugasemdir innan tveggja vikna tímaramma ber árangur. Það þarf þó enn að efla þessa vinnu og eftirfylgni hjá foreldrum, kennurum og skrifstofu. Mun þar innleiðing þrepaskiptri þjónustu hjá Garðabæ mögulega koma vel inn til að ramma slíkt ákvæði betur inn. Setja þarf skýrari regluverk í kringum leyfi og fjölda í tímabundin leyfi og ástæður. Hefur umræða um það farið fram í stjórnendateymi og við skólaskrifstofu og jafnvel verið tekið upp meðal allra stjórnenda grunnskóla Garðabæjar. Gæta þarf að samræmi í verkferlum og verklagi og verður unnið að því með haustinu. Ástundunarteymi Garðaskóla hefur bréf í vinnslu sem skal senda til foreldra og forráðafólks sé ástundun þeirra barns ábótavant eða komi til leyfisbeiðni þegar ástundun er ábótavant. Bréfin verði stöðluð og skýr varðandi stöðu og væntingar skóla til heimilis og nemanda miðað við þá stöðu sem er uppi á teningnum. Höfðum við samband við Austurmiðstöð í Reykjavík og fengum hjá þeim leyfi til að nýta okkur bréf og kynningarefni sem þau hafa tekið saman og senda til síns foreldrahóps í svipuðum tilfellum. Það sem stendur út af er að ljúka við gerð bréfanna og fá skóladeild og samskiptastjóra Garðabæjar til að lesa yfir bréfin og samþykkja. Eins þarf að breyta fyrirkomulagi á leyfisumsóknum nemenda, koma því inn á innri vef sveitarfélagsins í stað þess að það sé í gegnum vefumsjónarkerfi hvers skóla. Tilkynningar til BVN hafa verið ítarlegri þetta skólaárið en úrræðaleysi Garðabæjar er áþreifanlegt. Erfitt er að taka á málum ef úrræðin eru ekki til staðar í sveitarfélaginu og vísa þarf málum áfram í úrræði utan sveitarfélaga sem getur verið oft flókin og margþætt. Þá er biðtíminn langur eftir sérúrræðum utan sveitarfélags.

Í upphafi árs var farið yfir verklag um viðverumál með umsjónarkennurum auk þess sem það var reglulega rifjað upp yfir árið. Umsjónarkennarar fengu yfirlit ástundunar síns umsjónarhóps sent reglulega að jafnaði 1x í mánuði, litakóðað eftir fjarvistarstigum, raunmætingu, heildarmætingu og mætingu á önn. Þetta fyrirkomulag gafst mjög vel og umsjónarkennarar ánægðir með þá framkvæmd. Skerpa þarf á hlutverki umsjónartíma og umsjónarkennarar þurfa að grípa nemendur í samtal á þeim tíma varðandi seinkomur og fjarvistir. Enn erum við að fást við foreldra sem senda skýringar í lok árs á ástæðum fjarveru marga mánuði aftur í tímann og hafa deildarstjórar verið í samskiptum við foreldra í þeim tilfellum.

Viðburðir og uppbrot í skólastarfi

Að vanda var skólaárið fjölbreytt og reynt að bjóða nemendum upp á reglulega viðburði og uppbrot á hefðbundinni stundaskrá. Eitt af verkefnum deildarstjóra nemendamála var að halda utan um skipulag skólastarfs í kringum þessa viðburði og uppbrotsdaga í skólanum. Margir starfsmenn unnu að undirbúningi verkefna en endanlegt skipulag og verkstjórn starfsmanna var á höndum deildarstjóra og aðstoðarskólastjóra.

Dags.	Viðburður / uppbrot
02. okt-13. okt	Bekkjarkvöld með forráðafólki og nemendum í 8. bekk. IAA og námsráðgjafar héldu utan um þessi kvöld.
4.-8. nóvember	Forvarnavika Garðabæjar. <i>Góð samskipti. Myndband sýnt í umsjón 7. nóvember</i>
16. september	Samráðsdagur heimila og skóla.
28.-30. október	Gagn og gaman dagar – Góðgerðarþema í öllum árgöngum.
31. október	Samráðsdagur heimila og skóla.
11. nóvember	Afmæli Garðaskóla. Nemendur fengu ís í eftirrét af tilefni dagsins. Föstudaginn 15. Nóvember kom trúbador og söng í morgunfrímínútum fyrir nemendur (Ketill Ágústsson).
19. desember	Læsisdagur í Garðaskóla. Nemendur unnu læsistengd verkefni og 10. bekkingar fóru á málstofu með Þorgrími Þráinssyni.
20. desember	Jólaskemmtun, árgangaskipt þar sem nemendur fengu heitt súkkulaði og smákökur og nemendur og kennarar dönsuðu í kringum jólatré.
3. janúar	Heilsueflingardagur. Á fyrsta skóladegi ársins var nemendum boðið á fyrirlesturinn „Algóritminn sem elur mig upp“. Skúli Bragi Geirdal, fjölmiðlafræðingur og verkefnastjóri hjá Fjölmiðlanefnd var með erindið. Góð mæting og mjög góð hlustun í öllum árgöngum.
18. janúar	Prufa fyrir <i>Skólahreysti</i> fyrir nemendur í íþróttahúsinu
2. febrúar	Samráðsdagur heimila og skóla.
13. febrúar	Íslenska æskulýðsrannsóknin lögð fyrir í öllum árgöngum.

27. febrúar	Ungt fólk rannsóknin lögð fyrir í öllum árgöngum.
1. mars	Valgreinakynningar fyrir nemendur og forráðamenn send heim í tölvupósti.
1. mars	Valgreinar kynntar í umsjón fyrir nemendum í 8. og 9. Bekk
6. -9. mars	Skíðaferð 10. bekkja norður á Akureyri.
8.-9. mars	Skíðaferð 9. bekkja í Bláfjöllum (ekki hægt að skíða svo breyttist í útivistarferð).
9. mars	Skíðaferð 8. bekkja áætluð en hætt við þar sem ekki var hægt að skíða. Skálar ekki bókaðir – þarf að bóka þá að ári.
16. 23. og 30. mars	Könnunin <i>Ungt fólk</i> lögð fyrir í umsjón, byrjuðum á 8. bekk svo 9. og 10. (Ungt fólk)
7. maí	Skólahreysti.
23. maí	Stúlkur í 9. bekk tóku þátt í <i>Stelpur, stálp og tækni</i> sem HR hefur veg og vanda að. Fyrirtækið sem Garðaskóla var úthlutað var Marel.
30. maí	Árshátíð Garðaskóla í Ásgarði, hátíðarkvöldverður 10. bekkja í skólanum.
4. júní	8. bekkir í Garðaskólaleikarnir 9. bekkir helmingur í húsi og rest á heimleið úr vorferð 10. bekkir í Vatnaskógi
2. - 3. júní	Útivistardagur 8. bekkja við Hvaleyrarvatn. Tvískiptum árganginum. Fjórir bekkir í einu að Hvaleyrarvatni, vorum ekki með kayaka í ár. Rest undir stjórn umsjónarkennara.
2. – 4. júní	Vorferðir 9. bekkja. (Tvískiptum árganginum). Ratleikur í Hf. og bókaskil á móti vorferð
2. júní – 4. júní	Vorferð 10. bekkja í Vatnaskóg
5. júní	Heilsuefningardagur Garðaskóla.
5. júní	Útskrift 10. bekkja kl. 17:00, haldin í Ásgarði.
6. júní	Skólaslit

Upplýsingaflæði milli stjórnenda og kennara vegna þessara viðburða gekk í langflestum tilfellum vel. Töluvert var um forföll (skammtíma og langvarandi) umsjónarkennara sem þurfti að leysa og hafði það óneitanlega áhrif á þátttöku og andann í þeim bekkjum þar sem það átti við en þá kom sér vel hvað aðrir kennarar voru tilbúnir að stíga inn í forföll í vordagskrá.

Gagn og gaman dagar voru með breyttu sniði í ár. Ákveðið var að hafa góðgerðarþema á dögnum og að dagskráin myndi litast af því markmiði að gera góðverk eða sinna einhvers konar samfélagslegum verkefnum.

Þannig var ákveðið að 8. bekkir færu í skálaferð og á móti fór einn dagur hjá þeim í að taka þátt í *jól í skókassa* verkefni KFUM og KFUK. Verkefnið tókst ákaflega vel og skapaðist góð stemning í hópum þennan dag.


9. og 10. bekkir gátu valið um skálaferð eða verið í húsi og farið á ólíkar stöðvar undir stjórn kennara. Fengu þau það hlutverk að koma með vandaðan og snyrtilegan fatnað á markað/kaffihús sem halda átti og bjóða foreldrum og forráðafólki að mæta. Afrakstur nokkurra stöðva var svo seldur á sama markaði. Nemendaráð skólans valdi að afrakstur góðgerðardaganna rynni óskiptur til Bergsins headspace og söfnuðust vel yfir 200.000 krónur. Mikil lukka var með þessa daga og ákveðið að enduraka þetta fyrirkomulag að mestu óbreyttu að ári.

Afmæli skólans sem er árlegur viðburður má endurskoða með félagsmálavaliinu og starfsfólki Garðalundar. Í ár var brugðið út af vananum og ákveðið að fá skemmtikraft í hús að morgni föstudags í afmælisvikunni og gefa nemendum ís af tilefni afmælis skólans. Gafst það mjög vel.

Viðburðir sem voru á vegum Garðalundar en á skólatíma eins og skíðaferð og vorferðir gengu vel og notaði Garðalundur Sportabler til að skrá og rukka inn kostnað vegna ferðanna. Það þarf hins vegar að passa betur upp á að umsjónarkennarar fái upplýsingar um hvað er á döfinni því þeir eru lykill í að koma upplýsingum til sinna nemenda og eru oftast en ekki fararstjórar sinna hópa.

Farsæld barna

Í ár var markvisst unnið að innleiðingu farsældarlaganna og fundu deildarstjórar aukinn takt í vinnu hjá sveitarfélaginu með tilkomu nýs verkefnastjóra innleiðingar. Reglulega voru haldin námskeið og erindi af hálfu verkefnastjóra og sóttum við þau öll samviskusamlega. Ýmsir þættir standa út af og er það von okkar að hnökra í innleiðingu og ferlum í málum sem fara í samþættingu verði lagaðir sem fyrst. Áhersla var lögð á að samþætta mál 10. bekkinga við skólann svo þeirra mál væru í réttum farvegi innan lagarammans áður



en til útskriftar að vori kæmi. Það verður að teljast stór galli á framkvæmdinni að framhaldsskólarnir séu ekki til viðtals út júnímánuð svo grunnskólarnir geti skilað sínum málum rétt og tímanlega af sér á rétta staði. Eins er það óheppilegt að upplýsingar um í hvaða framhaldsskóla okkar nemendur fái boð um skólavist í séu ekki

aðgengilegar fyrr en raun ber vitni. Komum við þessum ábendingum til verkefnastjóra innleiðingar og er hún í virku samtali við MMS og ráðuneytisins vegna þessa kerfisgalla.

Í Garðaskóla voru 44 mál í samþættingu í þágu farsældar barna, þar af 25 vegna nemenda í 10. bekk, 8 vegna nemenda í 9. bekk og 12 vegna nemenda í 8. bekk. Tvö þeirra mála er voru í samþættingu voru/eru unnin í öðru sveitarfélagi þar sem viðkomandi nemendur eru með lögheimili. Skal það nefnt hér að töluverðar umræður hafa skapast um tilgang og ágóða af innleiðingu þessara laga og þeirrar vinnu sem leggja þarf af hendi við framfylgd þeirra. Vegna þess hve innleiðing er komin misvel á veg eftir sveitarfélögum og einstaka stofnunum þá verður að nefna það að þar sem þjónustuaðilar eru komnir vel á veg í innleiðingu má sannarlega finna mun á vinnu í tengslum við þjónustu við börn. Teljum við mikið til vinnings að Garðabær herði enn frekar á innleiðingarferli sínu og stígi fram með öflugum úrræðum við þeim helstu áskorunum sem við okkur blasa í daglegu starfi.

Hjördís Guðný Guðmundsdóttir, Hjördís Eva Ólafsdóttir og Kristjana Fjóla Sigursteinsdóttir
deildarstjórar nemendamála

Skýrsla deildarstjóra stoðþjónustu

Fastir starfsmenn deildarinnar :

- Andrés Pétur Þorvaldsson, stuðningsfulltrúi
- Aron Logi Sigurgeirsson stuðningsfulltrúi
- Ágústa Amalía Sigurbjörnsdóttir, kennari
- Árni Freyr Thorlacius Sigurlaugsson, kennari
- Elsa Dóróthea Kjartansdóttir, kennari
- Eydís Eva Pálsdóttir, yfirproskapjálfi
- Guðný Þóra Friðriksdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu og tengiliður farsældar
- Helena Guðrún Þórsdóttir stuðningsfulltrúi
- Helga Ágústsdóttir kennari
- Helga Lára Grétarsdóttir, stuðningsfulltrúi
- Hugi Snær Hlynsson, stuðningsfulltrúi
- Hulda Kristmannsdóttir kennari
- Katrín Eva Gunnlaugsdóttir stuðningsfulltrúi
- Katrín Louise Hamilton, stuðningsfulltrúi

- Kolbeinn Ingi Jónsson stuðningsfulltrúi
- Kristín Sigrún Sigurleifsdóttir, kennari
- María Viktoría Rúnarsdóttir stuðningsfulltrúi
- Ómar Smári Sigurgeirsson, stuðningsfulltrúi
- Sesselja Borg Snævarr Þórðardóttir, stuðningsfulltrúi
- Vigdís Björk Agnarsdóttir, yfirproskapjálfi

Að auki sinntu eftirfarandi stundakennslu í stoðþjónustu:

- Berglind Grímsdóttir Laxdal kennari
- Hulda Sigurjónsdóttir kennari
- Svandís Ríkhardsdóttir kennari

Nokkur hreyfing var á stuðningsfulltrúum á þessu skólaári. María Viktoría hætti um áramót og í hennar stað kom Sesselja Borg sem hafði verið í barnsburðarleyfi. Stuðningsfulltrúarnir eru flestir í námi eða í annarri vinnu og allt er reynt til að koma til móts við þarfir þeirra varðandi vinnu og frídaga.

Vinnuaðstaða

Segja má að vinnuaðstaða og húsnæðismál stoðþjónustunnar séu orðin ásættanleg. Þegar starfsárið hófst voru framkvæmdir ennþá í gangi í nokkrum stofum en fljótlega eftir að kennsla byrjaði var hægt að koma þeim í notkun. Stoðþjónustan hafði til afnota sex rými á 2. hæð í aðalbyggingu skólans (merkt 200, 205, 206, 207, 209 og 212A). Einnig hafði stoðþjónustan til afnota tvö lítil rými í viðbyggingu (merkt 300 og 310). Það er mikill kostur að þau rými sem stoðþjónustuna hefur til afnota séu öll á svipuðum stað í byggingunni. Rýmin eru notuð til kennslu og nýtast einnig sem vinnuaðstaða fyrir þroskapjálfa og kennara.

Stuðningsfulltrúar

11 stuðningsfulltrúar störfuðu við skólann í vetur í mismunandi stöðuhlutfalli, þó ekki allir á sama tíma. Stuðningurinn nýttist mest nemendum í 8. og 9. bekkjum. Stuðningsfulltrúarnir veita stuðning bæði inn í bóklegar og verklegar greinar, sem og fylgd í matartíma og frímínútur eftir þörfum.

Þroskapjálfar

Tveir yfirþroskapjálfar, báðir í 100 % stöðu, voru starfandi við skólann í vetur. Þroskapjálfar sinna stuðningi við nemendur og hópa inn í bekkjum og eru í samstarfi við kennara varðandi aðlögun og útfærslu verkefna fyrir nemendur sem þess þurfa. Einnig hafa þeir stýrt og leiðbeint stuðningsfulltrúum í þeirra verkefnum. Þroskapjálfar útbúa og útfæra einstaklingsnámskrár fyrir fatlaða nemendur og eru tengiliðir við fjölskyldur þeirra. Þeir sinna þjálfun og kennslu fatlaðra nemenda og finna leiðir til þess að nemendur geti sótt

kennslustundir inn í ferðakerfið. Einnig sinna þeir atferlis- og félagsfærniþjálfun bæði inn í hópa og á einstaklingsgrundvelli.

Samstarf við foreldra og innan deildar

- **Samstarfsfundir með foreldrum:** Í upphafi skólaárs hélt deildarstjóri samráðsfundi með foreldrum fjölmargra nemenda í þeim tilgangi að sérsníða stundartöflur þeirra. Oft var einhver annar fagaðili frá skólanum með á þessum fundum s.s. námsráðgjafi, umsjónarkennari eða deildarstjóri nemendamála. Misjafnt var hvort nemendur sátu fundina, það er yfirleitt sett í hendur foreldra. Fundir sem þessir hafa reynst afar vel og skilað sátt og sameiginlegum skilningi á þörfum þess nemanda sem um ræðir. Það er afar mikilvægt að stundatafla nemenda sem þurfa einstaklingsmiðaða þjónustu sé tilbúin og þurfi ekki mikilla breytinga við eftir að skóli hefst, það skapar festu og öryggi fyrir þá.
- **Upplýsingafundir fyrir kennara og starfsfólk:** Í upphafi skólaárs voru upplýsingafundir haldnir með þeim kennurum sem kenna nemendum í 8. bekkjum. Einnig var haldin kynning á starfsmannafundi í september þar sem farið var yfir þá nemendur sem þurfa sérstakan stuðning. Mikilvægt er að allir starfsmenn skólans þekki til þessara nemenda til að geta brugðist við málum sem koma upp jafnt í kennslustundum og á göngum skólans. Deildarstjóri stoðþjónustu setti saman fræðslu um lestur og lesblindu og hélt fyrirlestur fyrir kennara og þroskaþjálfara á haustönn.
- **Samráðsfundir með stuðningsfulltrúum:** Þroskaþjálfar funda einu sinni í viku með stuðningsfulltrúum. Á fundunum er farið yfir helstu verkefni og áskoranir varðandi nemendur. Vinnubrögð eru samræmd og tekið er á málum sem upp koma. Stuðningsfulltrúar fá fræðslu og ráðgjöf frá þroskaþjálfum. Stuðningsfulltrúar deila einnig mikilvægum upplýsingum varðandi líðan og atferli nemenda.
- **Fundir vegna lestrargreininga og sálfræðigreininga** eru haldnir með viðkomandi nemanda og foreldrum hans. Deildarstjóri stoðþjónustu sinnir lestrargreiningum og heldur skilafundi. Deildarstjóri situr einnig skilafundi vegna sálfræðigreininga og athugana á málþroska.
- **Skilafundir vegna nemenda:** Deildarstjóri stoðþjónustu situr skilafundi vegna flutnings nemenda milli skólastiga og hittir kennara barnaskólanna og framhaldsskólanna ef þess er óskað. Tilgangur fundanna er að miðla upplýsingum um nemendur. Einnig er deildarstjóri kallaður á skilafundi hjá Ráðgjafa- og greiningarstöð og Geðheilsu miðstöð barna.
- **Fundir hjá stoðþjónustu:** Þroskaþjálfar og kennarar stoðþjónustunnar sitja alla almenna kennarafundi. Auk þess kallar deildarstjóri stoðþjónustu starfsfólk deildarinnar saman að jafnaði 1x mánuði til að ræða almenn mál deildarinnar.
- **Nemendaverndarráð Garðaskóla:** Deildarstjóri stýrir vikulegum fundum hjá nemendaverndarráði skólans. Annan miðvikudag í hverjum mánuði, á milli 13:00-14:30, mæta BVN Garðabæjar, skólasálfræðingur og hjúkrunarfræðingur Garðaskóla á fund nemendaverndarráðs.

- **Teymisvinna.** Teymi eru sett saman vegna nemenda með fatlanir eða aðrar raskanir sem þurfa sérhæfða og samhæfða þjónustu. Einnig hafa verið starfandi teymi vegna nemenda með skólaforðun, hegðunarvanda og kvíða. Fjöldmörg teymi voru starfrækt í vetur. Misjafnt er hvaða starfsmenn vinna í teyminu það fer eftir þörfum hvers nemanda fyrir sig. Foreldri/foreldrar sitja allaf í teymi barnsins síns og oft umsjónakennarar og/eða aðilar frá skólaskrifstofu, félagsþjónustu eða heilsugæslu. Stundum situr nemandi sjálfur í teyminu, það fer eftir aðstæðum og þroska barnsins. Hlutverk teymisins er að finna leiðir fyrir nemandann til að eflast og þroskast og takast á við verkefni skóladagsins.

Atvinnutengt nám

Fimm nemendur stunduðu atvinnutengt nám á skólaárinu 2024-2025, um lengri eða skemmri tíma, yfirleitt 4 til 8 tíma, en allt upp í 17 stundir á viku. Í staðinn veitir skólinn nemendum afslátt af valgreinum eða þeir fá undanþágu í einhverri námsgrein. Vinnuskóli Garðabæjar hefur greitt nemendum laun samkvæmt kjarasamningum. Samstarf skólans við vinnuskólann hefur gengið vel og sameiginlegur skilningur á þörfum nemendanna hefur verið til staðar. Nemendur sem veljast í atvinnutengt nám upplifa oft skólaleiða, sýna litla virkni í námi og ástundun er oft ábótavant. Reynt hefur verið að leita fanga á vinnustöðum sem tengjast áhugasviði nemenda. Tilgangurinn með atvinnutengdu námi er m.a. sú að ná upp virkni hjá nemendum, bæta líðan og styrkja sjálfsmynd þeirra.

Félagsfærniþjálfun

Þær Eydís Eva Pálsdóttir og Vigdís Björk Agnardóttir yfirþroskaþjálfar þjálfar félagsfærni. Félagsfærni skiptir miklu máli í daglegu lífi og ef nemandi hefur ekki náð að mynda eðlileg félagstengsl í hópi jafnaldra þarf að grípa inn í. Félagsfærniþjálfun þarf að gefa góðan tíma og mikilvægt er að byggja upp traust á milli nemanda og þroskaþjálfara. Nemandinn þarf að eiga fasta tíma yfir ákveðið tímabil, sumir þurfa lengri tíma en aðrir. Grunnatriði er að einstaklingsmiða þjálfunina og setja raunhæf markmið fyrir hvern og einn. Félagfærni fer einnig fram í almennum kennslustundum. Í þeim aðstæðum er teymisvinna á milli þroskaþjálfara, kennara, námsráðgjafa og stuðningsfulltrúa mikilvæg.

Skólaárið 2024-2025 þáðu 35 nemendur, úr öllum árgöngum, skipulagða félagsfærniþjálfun/spil og spjall tíma til lengri eða skemmri tíma, flestir allan veturinn.

Námsráðgjöf

Deildarstjóri námsvers vinnur náið með námsráðgjöfum skólans. Elfa Arnarsdóttir og Ásta Gunnarsdóttir eru námsráðgjafar við skólann, báðar í 100% stöðu. Allmargir nemendur hafa verið í föstum viðtölum hjá námsráðgjafa og aðrir fengið vikulega þjónustu og aðstoð við að halda utan um námgögn og skipulag. Námsráðgjafar eru mjög oft kallaðir að einstaklingsmálum nemenda og eru mikilvægur hlekkur í stuðningsneti skólans.

Sálfræðiathuganir

Kristín Ósk Leifsdóttir er skólasálfræðingur Garðaskóla. Hún hefur unnið greiningar á vitsmunaprofka, ADHD, félagslegri stöðu og líðan. Guðrún Kristófersdóttir sjálfstætt starfandi sálfræðingur hefur í vetur einnig komið að greiningarvinnu í verktöku. Beiðni um greiningar koma yfirleitt frá foreldrum. Einnig benda kennarar og/eða aðrir sérfræðingar skólans á ef grunur leikur á um þroskafrávik hjá nemanda og að höfðu samráði við foreldra fer málið í ferli.

Í skólabyrjun haustið 2024 voru 16 nemendur á biðlista eftir athugun og mati hjá sálfræðingi skólans. Af þeim hafa 14 mál verið afgreidd en 2 mál eru ennþá í vinnslu. Tilvísanir fyrir skólaárið 2024-2025 voru 16 talsins. Af þeim er 5 málum lokið, 6 mál eru í vinnslu og 5 nemendur eru ennþá á biðlista. Flestum málum er lokið með athugun en nokkrum málum hefur verið vísað frá vegna þess að listar sem kennara og foreldrar hafa fyllt út hafa ekki gefið til kynna frávik í hegðun eða þroska. Skýr rammi hefur verið settur varðandi beiðnir um athugun. Foreldrar þurfa að svara skimunarlista þar sem farið er yfir svefn, næringu, hreyfingu og símanotkun nemenda. Mikilvægt er að þessir þættir séu í góðu lagi áður en til athugunar sálfræðings kemur. Nú þurfa foreldrar að vinna tilvísun á fundi með deildarstjóra stoðþjónustu og færa góð rök fyrir beiðninni. Beiðnir eru síðan teknar fyrir á fundi með Nemendaverndarráði Garðaskóla og sálfræðingi þar sem ákvörðun er tekin um hvort málið fari í áframhaldandi vinnslu sálfræðingsins. Öllum athugunum er skilað með formlegum fundum og flestum málum er vísað áfram til Geðheilsumiðstöðvar barna þar sem fullnaðargreining fer fram.

Málþroskamat

Berglind Bjarnadóttir talmeinafræðingur sinnir greiningum á málþroska. Beiðni um málþroskamat kemur yfirleitt til ef grunur vaknar hjá kennurum og/eða öðrum sérfræðingum skólans á slökum málþroska viðkomandi nemanda. Foreldrar fylla út beiðni um sérfræðiþjónustu fyrir nemanda og tilvísun er send inn í ONE. Öllum athugunum talmeinafræðings er skilað með formlegum fundum. Á skilafundum sitja talmeinafræðingur, foreldrar, stundum nemandi og deildarstjóri stoðþjónustu. Berglind vann fjórar athuganir skólaárið 2024-2025.

Logos lestrarskimanir

Guðný Þóra Friðriksdóttir deildarstjóri stoðþjónustu og Hjördís Eva Ólafsdóttir sérkennari vinna skimanir og lestrargreiningar fyrir skólann. Alls voru lagðar 22 Logos lestrarskimanir fyrir nemendur skólaárið 2024-2025. Allir nemendur 9. bekkja árgangsins taka Logos stafsetningarpróf sem gefur ákveðnar vísbendingar um undirliggjandi lestrarvanda. Þetta stafsetningarpróf er skoðað í samhengi við lesferil nemenda. Lágmarksviðmið fyrir nemendur í 9. bekk eru 140 lesin orð á mínútu. Slakur leshraði og stafsetningarvandi er næg ástæða til skimunar. Ef niðurstaða úr Logos lestrarskimun gefur til kynna undirliggjandi lestrarvanda hjá nemanda þá er forráðamönnum hans boðinn Logos lestrargreining.

Logos lestrargreiningar

Skólaárið 2024-2025 voru unnar 27 Logos lestrargreiningar allt frumgreiningar en þá hafa nemendur aldrei farið áður í lestrargreiningu. Endurmat var gert á einum nemanda.

Þjónusta við lesblinda

Allir nemendur í Garðaskóla sem hafa formlega greiningu á lestrarerfiðleikum hafa aðgang að Hljóðbókasafni Íslands. Nemendur geta halað niður efni á hljóðrænu formi beint af vef safnsins. Allar skáldsögur sem lesnar eru í skólanum eru aðgengilegar hjá Hljóðbókasafninu. Á vef Menntamálastofnunar eru allar námsbækur sem gefnar eru út hjá stofnuninni aðgengilegar sem hljóðbækur og/eða rafbækur.

Nemendur með lesblindu eiga rétt á lengri tíma til að taka próf. Þeir fá mp3 spilara á borðið sitt í prófaðstæðum og geta hlustað á prófið í stað þess að þurfa að reiða sig á lestur.

Skólaárið 2024-2025 voru 44 nemendur í 10. bekk með greiningu á lesblindu eða sértækum lestrarörðugleikum, 52 nemendur í 9. bekk og 46 nemendur í 8. bekk. Af þessum tölum að dæma eru nær fjórðungur af nemendum skólans með lestrarörðugleika.

Stoðþjónusta Garðaskóla

Markmið stoðþjónustunnar er að veita nemendum þann stuðning sem þeir þurfa til að gera sitt besta. Þarfir nemenda eru misjafnar og stuðningurinn í samræmi við það.

- **Námsver almennt:** veitt er aðstoð í stærðfræði og íslensku. Einnig er í einstaka tilfellum veittur stuðningur við heimanám. Í námsveri fá nemendur aðstoð og stuðning við námsefni sem verið er að kenna út í hópunum. Töluvert margir nemendur nýta sér námsverið og eru námsverstímar oftast viðbót við hefðbundna stundartöflu.
- **Námsver stuðningur inn í hópa:** algengt er að sérkennari/ stuðningsfulltrúar sinni kennslu/stuðningi inn í almenna námshópa og vinna þá náið með fagkennara.
- **Hægferðir og litlir námshópar:** í þessum hópum eru nemendur sem af einhverjum ástæðum geta ekki unnið samkvæmt almennum hæfiviðmiðum árgangsins. Þeir þurfa aðlagð námsefni og námsmat, hægari yfirferð og meiri endurtekningu.
- **Árnagarður:** er úrræði fyrir nemendur sem glíma við skólaforðun eða geta af einhverjum ástæðum ekki nýtt sér almennar kennslustundir. Markmið með úrræðinu er að nemandanum líði vel og öðlist öryggi og traust til skólans til að takast á dagleg verkefni. Aðaláhersla er lögð á líðan nemenda og síðan námið.
- **Námsver 205:** Er heimanámsstofa nemenda sem fylgja ekki almennu námi. 3. nemendur hafa verið í námsveri 205 skólaárið 2023-2024.
- **Námsver 209:** Er stofa fyrir nemendur í 8. bekkjum sem þurfa næði og vilja draga sig í hlé út t.d. í frímínútum og í hádeginu. Einnig hefur stofan verið nýtt þegar taka þarf nemendur út úr kennslustundum.

Ákveðnir nemendur hafa þörf fyrir sértæk úrræði við próftöku vegna kvíða, einbeitingarerfiðleika eða lestrartengdra erfiðleika. Nemendur sem eru með greiningu eiga rétt á lengri próftíma og rólegum prófaðstæðum. Í prófum eiga allir lesblindir nemendur kost á því að nota mp3 spilara sem búið er að hlaða

prófgögnum inn á. Með þessari tækni hafa nemendur tækifæri til að sér nýta hlustun sem stuðning við ritmál. Stöðugt fleiri nemendur nýta sér þessa þjónustu. Í lokaprófum taka ofangreindir nemendur próf í fámennum hópum eða taka próf einir með stuðningsfulltrúa.

Námskrár og námsmat

Margir nemendur sem fá stuðning eru ekki á einstaklingsnámskrá heldur fá þeir stuðning við að ná almennum hæfniviðmiðunum. Nemendur sem geta ekki fylgt þeim hæfniviðmiðunum sem settar eru fyrir árganginn eru með einstaklingsnámskrá. Lögð er áhersla á að einstaklingsnámskrár séu aðgengilegar nemendum, foreldrum og kennurum og stuðli að samfelli í námi þegar nemandinn flyst milli hópa og árganga. Fagkennari útbýr einstaklingsnámskrár en umsjónakennarar sjá um að fá undirskrift foreldra. Deildarstjóri heldur þeim til haga þannig að þær séu aðgengilegar fyrir þá sem þurfa að nálgast þær. Ef nemendur eru með miklar sérþarfir þarf stöðugt að endurmeta einstaklingsnámskrár þeirra og breyta þeim hæfniviðmiðum sem sett voru fram. Námsframvinda nemenda ræðst af dagsforminu og stundum koma dagar þar sem vinnan fylgir engum áætlunum. Aðlögun á námsefni og námsmati er ýmist í höndum fagstjóra, fagkennara, þroskaþjálfra eða sérkennara.

Undanþágur

Nemendur geta fengið undanþágu frá skyldunámsgrein af ýmsum ástæðum. Foreldrar og skólastjónendur verða að samþykkja slíka undanþágu og þær eru ekki veittar nema að vel ígrunduðu máli því þetta úrræði getur skert möguleika nemenda þegar í framhaldsskóla kemur. Í vetur hafa nemendur á vegum sérkennslunnar aðallega fengið undanþágu frá námi í náttúrufræði/ dönsku/samfélagsfræði. Nemendur sem eru tvítyngdir og tala íslensku sem annað mál hafa oft fengið undanþágu í dönsku.


Stuðningur og sérkennsla í 8. bekk

Stuðningur við nám og sérkennsla nemenda í 8. bekk er oftast skipulögð inn í viðkomandi fagtíma. Skipulag var með ýmsu móti, stundum kom sérkennari/þroskaþjálfari/stuðningsfulltrúi inn í bekkinn en í öðrum tilvikum voru litlir hópar skipulagðir og nemendum kennt í minni hóp. Nemendum í 8. bekk í stærðfræði var skipt niður í hópa eftir námsþörfum með skipulegum hætti líkt og í 9. og 10. bekk.

Skólaárið 2024-2025 voru 19 nemendur af 185 nemendum árgangsins, með einstaklingsnámskrá þ.e. einstaklingsmiðuð hæfniviðmið og aðlagð námsefni og námsmat í einhverri námsgrein, flestir aðeins í einni grein (stærðfræði).

Myndin sýnir hvað mörg % nemenda í árgangi eru með einstaklingsnámskrá

Nemendur 8. bekkja skólaárið 2024-2025




- Nemendur sem vinna samkv. einstaklingsm. hæfniviðmiðum
- Nemendur sem vinna samkv. hæfniviðmiðum árgangsins

Skólaárið 2024-2025 þáðu 36 nemendur í 8. bekkjum stuðning eða sérkennslu af einhverju tagi þ.e. 14 stúlkur og 22 drengir. Þetta er um 20% af nemendum árgangsins. Mestur stuðningur var veittur í íslensku og stærðfræði.

Myndin sýnir yfirlit yfir sérkennslu og stuðning í 8. bekkjum skólaárið 2024-2025.

Yfirlit yfir stuðning/sérkennslu í 8. bekkjum skólaárið 2024-2025



- Drengir í 8. bekk sem fengu stuðning/sérkennslu
- Stúlkur í 8. bekk sem fengu stuðning/sérkennslu
- Nemendur í 8. bekk án stuðnings og sérkennslu


Stuðningur og sérkennsla í 9. bekk

Nemendum í 9. bekkjum er skipt upp í hópa eftir námsþörfum. Nemendur sem þurfa einstaklingsmiðaða þjónustu, og ná ekki að vinna samkvæmt þeim hæfniviðmiðunum sem settar eru fyrir árganginn, raðast í hægferðir í stærðfræði, íslensku og ensku. Í hægferð í stærðfræði kenndu þrír kennarar nemendum sem allir þurftu mikla einstaklingsmiðun. Tveir faggreinakennarar og sérkennari sáu um kennslu í hægferð í íslensku og sama módel var notað fyrir hægferð í ensku.

Skólaárið 2024-2025 voru 29 af 204 nemendum 9. bekkja með einstaklingsnámskrá þ.e. einstaklingsmiðuð hæfniviðmið og aðlagð námsefni og námsmat í einni eða fleiri greinum.

Myndin sýnir hvað mörg % nemenda í árgangi eru með einstaklingsnámskrá

Nemendur 9. bekkja skólaárið 2024-2025




- Nemendur sem vinna samkv. einstaklingsm. hæfniviðmiðum
- Nemendur sem vinna samkv. hæfniviðmiðum árgangsins

Skólaárið 2024-2025 þáðu 40 nemendur í 9. bekk sérkennslu (hægferðahópar) eða stuðning í námsveri þ.e. 22 drengir og 18 stúlkur. Þetta eru um 20 % nemenda árgangsins. Mestur stuðningur var veittur í stærðfræði og íslensku.

Myndin sýnir yfirlit yfir sérkennslu og stuðning í 9. bekk skólaárið 2024-2025.

Yfirlit yfir stuðning/sérkennslu í 9. bekkjum skólaárið 2024-2025



- Drengir í 9. bekk sem fengu stuðning/sérkennslu
- Stúlkur í 9. bekk sem fengu stuðning/sérkennslu
- Nemendur í 9. bekk án stuðnings og sérkennslu


Stuðningur og sérkennsla í 10. bekk

Þróunin varðandi hægferðir í 10. bekk hefur verið í þá átt að sem flestum nemendum standi til boða að reyna sig við almennt grunnskólapróf í dönsku, íslensku, stærðfræði og ensku. Nemendur sem hafa verið í hægferðum í 8. og 9. bekk hafa oft nýtt tímann vel og aukið við færni sína og eru betur í stakk búnir til að takast á við almenn námsmarkmið í 10. bekk. Eðli málsins samkvæmt eru því færri nemendur með einstaklingsnámskrá í 10. bekk en voru í 9. bekk. Náms hópar í ensku og íslensku eru fámennari og/eða mannaðir tveimur kennurum og reynt er að fylgja almennum hæfniviðmiðum.

Í stærðfræði var starfræktur einn frekar fjölmennur hægferðahópur sem mannaður var með tveimur kennurum og stuðningsfulltrúa. Einnig var fámennur hægferðahópur kenndur í námsveri en í honum voru nemendur sem þurftu sérhæfða kennslu og verulega aðlöguð hæfniviðmið. Flestir nemendur, sem voru í stærri hægferðahópnum, þreyttu almennt próf í stærðfræði í lok 10. bekkjar og sýndu fram á töluverðar framfarir þannig að ekki þótti ástæða til að stjörnumerkingja einkunn þeirra á vitnisburðarblaði.

Skólaárið 2024-2025 voru 28 nemendur, af 235 nemendum árgangsins, í 10. bekk með einstaklingsnámskrá, langflestir í stærðfræði. Þetta eru um 12% nemenda árgangsins. Einstaklingsnámskrá felur í sér einstaklingsmiðuð hæfniviðmið og aðlagð námsefni og námsmat.


Myndin sýnir hvað mörg % nemenda í árgangi eru með einstaklingsnámskrá



Skólaárið 2024-2025 þáðu 44 nemendur í 10. bekk sérkennslu (hægferðahópar) eða stuðning í námsveri þ.e. 21 drengur og 23 stúlkur. Þetta eru um 19% nemenda árgangsins. Mestur stuðningur var veittur í stærðfræði.

Myndin sýnir yfirlit yfir sérkennslu og stuðning í 10. bekk skólaárið 2024-2025

Yfirlit yfir stuðning /sérkennslu í 10. bekkjum skólaárið 2024-2025




Lesferill

Skólaárið 2024 -2025 voru lesfimiþróf MMS lögð fyrir alla nemendur skólans þrisvar sinnum þ.e. í september, janúar og maí. Lesfimiþrófin eru unnin af Menntamálastofnun. Prófin mæla leshraða og eru stöðluð miðað við aldur nemenda. Niðurstöður eru skráðar í svokallaðan lesferil. Hver og einn nemandi á sinn lesferil sem spannar alla grunnskólagönguna og flyst á milli skóla.

Mikilvægt er að nemendur setja sér markmið, um bætingu á leshraða, á milli mælinga, og þeir nemendur sem nýta vel yndislestrarstundirnar í skólanum sjá undantekningalaust framfarir. Umsjónarkennurum er gefinn kostur á því að lestrarþrófa sína nemendur og valdi meirihluti umsjónarkennara að gera það. Með þessu fá þeir meiri tilfinningu fyrir hvar nemendur eru staddir í lestri og geta betur stutt við þá í yndislestrartímum.

Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum Garðaskóli, maí 2025




Myndin að ofan er úr gögnum frá Menntamálastofnun. Ef við berum árangur nemenda í 10. bekk Garðaskóla saman við viðmið MMS sjáum við að 11,5% nemenda eru undir lágmarksviðmiðunum en MMS gerir ráð fyrir

10% nemenda. Samkvæmt viðmiðunum MMS eiga 40% nemenda að vera á milli viðmiða 1 og 2 en í Garðaskóla eru það um 27,3% nemenda. Um 23,4% nemenda okkar í 10. bekk, eru á milli viðmiða 2 og 3 en þar gerir MMS ráð fyrir 25% nemenda. Að lokum sést að 37,8% nemenda í 10. bekk Garðaskóla lesa yfir viðmiði 3 en MMS gerir ráð fyrir að þar séu um 25% nemenda.

Ljóst er að árangur 2009 árgangsins er langt umfram viðmið MMS og óhætt er að segja að nemendur fari vel læsir út í lífið.

Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum
Garðaskóli, maí 2025



Myndin hér að ofan sýnir að nemendur Garðaskóla eru töluvert fyrir ofan landsmeðaltal þegar leshraði er skoðaður. Meðalleshraði hjá nemendum Garðaskóla, við lok skólagöngu í 10. bekk, eru 197 orð á mínútu meðan landsmeðaltal er 178 orð á mínútu (lágmarksviðmið 145 orð). Meðalleshraði nemenda í 8. bekk er 154 orð á mínútu (lágmarksviðmið 130 orð) og meðalhraði nemenda í 9. bekk 175 orð (lágmarksviðmið 140 orð).

Undanfarin ár hafa mestar framfarir orðið hjá nemendum í 8. bekk og mestur munur á milli landsmeðaltals og skólans. Ljóst er að því er ekki að heilsa þetta skólaárið og mikilvægt er að hvetja nemendur með öllum ráðum að nýta tímann betur.

Yndislestur er stundaður í Garðaskóla 20 mínútur á hverjum skóladegi. Draga má þá ályktun að sá lestur skili þessum góða árangri nemenda.

Guðný Þóra Friðriksdóttir
deildarstjóri stoðþjónustu

Danska

Dönskukennarar á árinu voru Elísa Dögg Helgadóttir, Erla Hrönn Randversdóttir og Guðný Rut Gylfadóttir en einnig sinntu Anna Lena Halldórsdóttir og Ingibjörg Anna Arnarsdóttir kennslu í dönsku að hluta.

Nám og kennsla

Skipulag dönskudeildar er með þeim hætti að allir nemendur í 8. bekk eru í sama námsefni og fara að mestu leyti á sama hraða gegnum efnið. Kennt er eftir bekkjum í 8. bekk. Í vetur hefur ekki verið skipt í ferðir í fyrsta sinn og hefur það gegnið mjög vel í vetur og erum við hlynntar því formi á kennslunni. Þeir sem hafa verið í hægferðum njóta sín betur og leggja yfirleitt meira á sig en ef þeir væru í hægferðum. Einn kennari hefur haft umsjón með hverjum hóp. Það hefur komið aðstoð inn í bekk hjá þeim sem þess þurfa. Námsefni hefur verið það saman hjá öllum hópum og höfum við lagt upp með að aðlaga námsefni að þeim sem þurfa að fara á lengri tíma í gegnum efnið.

Kennslustundafjöldi:

8. bekkur. Tvær kennslustundir á viku.

9. bekkur. Tvær kennslustundir á viku.

10. bekkur. Þrjár kennslustundir á viku.

Í vetur héldum við áfram að vinna námsefni vetrarins í lotum sem við byrjuðum á sl. vetur og voru 4 lotur í öllum árgöngum. Loturnar virka þannig að nemendur fá að vita í upphafi hverrar lotu hver marmiðin eru, hvaða verkefni og próf verða lögð fyrir. Reynt er að dreifa hæfniviðmiðum fagsins eins jafnt og kostur er og leitast við að nemendur séu meðvitaðir um hvaða þætti verið er að vinna með hverju sinni.

Námsmat

Fjölbreytt verkefni eru lögð fyrir nemendur jafnt og þétt yfir veturinn. Í maí var svo lokapróf í öllum árgöngum þar sem prófað var úr ólesnum textum.

Einkunnadreifing eftir árgöngum var eftirfarandi:

Einkunn	8. b.	9. b.	10. b.
A	6%	3%	3%
B+	32%	17%	31%
B	43%	38%	37%
C+	11%	22%	14%
C	8%	16%	10%
D	1%	4%	5%
Samtals	100%	100%	100%

Skólaþróun

Deildin er í stöðugri þróun í öllu sínu starfi og í vetur skiptum við út nokkrum eldri verkefnum fyrir ný og tókum út gamlar bækur til að koma til móts við nýjar áherslur og kröfur nemenda. Það er því miður þannig að lokað er fyrir mörg forrit og öpp sem við vildum gjarnan nota í kennslu. Tveir árgangar, 8. og 9. bekkur, tóku rafræn próf í vor og gekk það vel. Stefnan er tekin á að hafa prófin á rafrænu formi fyrir alla árangra á næsta ári. Rafrænt prófakerfi INNU þykir okkur ekki nægilega gott og því hyggjumst við prófa að notast við *Forms* á næsta ári.

Mat á starfi skólaársins

Vegna veikinda eins dönskukennara skömmu fyrir skólabyrjun þurftu kennarar deildarinnar að taka á sig mikla kennslu auk þess sem tveir kennarar utan deildar komu inn og kenndu líka í deildinni. Álagið var því mikið í vetur sem hafði þau áhrif að samstarf og þróunarstarf varð minna en æskilegt er. Í heildina tókst þó vel til.

Guðný Rut Gylfadóttir, fagstjóri í dönsku

Enska

Enskukennarar á árinu voru Anna Lena Halldórsdóttir, Elfa Huld Haraldsdóttir, Halla Thorlacius, Ingibjörg Anna Arnarsdóttir, Sigurður Stefán Haraldsson og Vilborg María Ísleifsdóttir.

Ferðaskipting

Í 8. bekk er ekki skipt í eiginlegar ferðir í ensku og allir nemendur árgangsins voru í sama efninu í vetur, þó utan tveggja nemenda í þetta sinn sem þurftu að fá aðlagð efni og námsmat.

Í 9. bekk var skipt í hægferð, mið/hraðferð og flugferð. Í hægferð raðast þeir sem hafa ekki náð tókum á grunnfærni í efni 8. bekkjar. Megináhersla er á að þjálfar upp grunnfærni nemenda í ensku - orðaforða, máltilfinningu og lesskilning – til að gera þá nemendur færari um að takast á við þyngri verkefni í 10. bekk. Í mið/hraðferð, var byggt ofan á efni 8. bekkjar með meiri áherslu á lestur ýmiss konar texta, tileinkun orðaforða, munnlegum kynningum, ritun efnisgreina og einfaldri en skipulagðri uppsetningu texta/ritgerða. Í flugferð ljúka nemendur námsefni 9. og 10. bekkjar á einu skólaári sem krefst þess að þeir taki meiri ábyrgð á námi sínu með jafnari vinnu og sjálfstæðum vinnubrögðum enda er farið yfir mikið efni.

Í 10. bekk var raðað í miðferðar-, hraðferðar- og framhaldsskólalópa. Miðferðin fær sama námsefni að stórum hluta og hraðferð en sum verkefni, próf og lesefni, eru aðlöguð að minni getu auk þess sem hægar er farið yfir efnið. Þar er þó megináhersla sú sama og í hraðferð, á lestur lengri texta, tileinkun orðaforða og formlega ritun. Í hraðferð hefur áhersla verið að aukast á lestur skáldsagna í fullri lengd, öflun upplýsinga og ábyrga úrvinnslu heimilda um ýmis mállefni, að spyrja gagnrýninnar spurninga og framsetningu skoðana í formi formlegra ritgerða í fullri lengd eða með munnlegri frásögn. Nemendur í efni framhaldsskóla tóku undirbúningsáfangar á haustönn og á vorönn FG áfangann ENSK2MS05 sem endaði á lokaprófi frá FG sem

einnig er metið þar. Nemendum gekk vel eins og undanfarin ár, meðaleinkunn á lokaprófinu var 8,73. En í meðfylgjandi töflu sést skipting nemenda í ferðir í 9. og 10.bekk.

Ferðir	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Hægferð	Engin ferðaskipting í 8. bekk	15	
Miðferð			59
Mið/hraðferð		154	
Hraðferð			114
Flugferð		34	
Fjölbrautahópur			56
Samtals fjöldi nem.	194	203	229

Nám og kennsla

Í 8.bekk eru kenndir 2 tímar á viku, í 9.og 10.bekk eru 3 tímar, og í fjölbrautarefninu eru 4 tímar á viku. Kennsluhættir eru iðulega í formi innlagnar eða útskýringar á viðkomandi hluta námsefnis sem fengist er við, helstu reglum sem þar eiga við, auk æfinga, áður en kemur að verkefnaskilum. Þetta á við hvort sem það er málfræði, reglur um skipulega uppsetningu texta, ritunarverkefni, myndefni, munnlega frásögn, lestur bóka með verkefni o.sv.frv. Kennari veitir svo endurgjöf og aðstoð á meðan á vinnu stendur til hvers og eins og svo við lok hvers efnishluta. Þannig er hverjum nemanda hjálpað áfram út frá eigin frammistöðu. Í ferðakerfinu er mikill kostur að hóparnir innbyrðis eru á svipuðu róli sem þýðir að almenn innlögn á efni eða verkefni og svo almenn endurgjöf á við flesta eða alla í hópnum en einnig sá að nemendur eru færari um að hjálpast að og ná fram betri árangri í hópavinnu. Heimanám er einkum hugsað þannig að nemendur eru að klára efni sem þeir náðu ekki að ljúka við í tímanum á undan, eða eru að rifja upp efni fyrir próf og minni kannanir. Aukinn lestur skáldsagna við hæfi hvers árgangs, sem tekur yfirleitt á bilinu 2-4 vikur, ýtir undir að nemendur skoði heima þá hluta efnis sem þeir annaðhvort misstu af eða þurfa að glöggva sig betur á fyrir samhengi og verkefnavinnu. Í framhaldsskólaefni reynir meira á lestur kjörbóka heima við. Þar þarf líka að rifja upp orðaforða og annað sem búið er að vinna með í tímum því ritunar- og talverkefni og regluleg orðaforðapróf eru á hvorri önn, auk kjörbókaritana og samtalsverkefna sem öll byggja á því sem búið er að leggja inn og æfa.

Námsmat

Í öllum árgöngum er stuðst við símat og leiðsagnarmat þar sem nemendur eru reglulega að skila af sér styttri verkefnum sem gilda inn í vinnueinkunn. Þetta eru bæði einstaklingsverkefni, para- og hópaverkefni, hvort sem það er tal um efni eða frásögn/kynning, vinna í tímum þar sem á að skila af sér í lok hans, lestur á sögum ásamt hlustun með vinnuhefti sem unnið er jafnt og þétt og sem enda á prófi, eða ritun styttri texta og/eða ritgerða. Þannig er leitast við að þjálfar nemendur í tali og ritun, hlustun og lestri. Lokapróf er í öllum

árgöngum en það gildir ekki meira en aðrir meginliðir námsmatsins sem eru um 9-10 talsins í hverjum árgangi.

Þeir liðir sem mynda námsmatið í 8.bekk fyrir veturinn eru vinnueinkunn sem er samsett úr nokkrum minni skilaverkefnum, 4 málfræðipróf sem að hluta til er upprifjun, 2 styttri skáldsögur með prófi og verkefni, kynning á efni upp úr kvikmynd, og vorpróf sem einkum var lesskilningur. Í 9.beknum er farið að skrifa skipulagða styttri texta í viðbót og undirbúin er flóknari frásögn, auk þess sem mest málfræðin kemur inn í 9.bekk og þar byggir því námsmatið á flóknari málfræði og ritunarverkefnum. Í 10.beknum eru svo lesið enn meira, ritun færist stigi ofar og nemendur skila af sér 3 ritgerðum í fullri lengd, 5 efnisgreina langar, auk þess sem munnleg frásögn fær meira vægi. Námsmatið í ár byggir á vinnueinkunn úr fjölmörgum litlum skilaverkefnum, meðaltali úr orðaforðaprófum, málfræðiprófi, munnlegu – og lokaprófi, 2 betri ritgerðum af þremur skrifuðum, auk tveggja verkefna/prófa úr skáldsögum. Í framhaldsáfangu byggir námsmat hvorrar annar á munnlegum skilaverkefnum, minni rökstuddum ritunarverkefnum, samtalsverkefnum um kvikmynd og kjörbók, rökstudda ritgerð um kjörbók, og þremur orðaforðaprófum, en á vorönn er komin inn kennslubók að auki sem FG notar í sambærilegum áfangu og þar sem einkunnir eru í tölum með prósentuvægi á hvern lið. Hér sést skipting einkunna í hverjum árgangi sem hlutfallstölur af nemendafjölda hvers árgangs og fjöldi nemenda innan sviga.

Einkunn	8. b.	9. b.	10.b.
A	3,10% (6)	1% (2)	24,6% (56)
B+	20,62% (40)	22,2% (45)	21,5% (49)
B	50,52% (98)	36% (73)	30,7% (70)
C+	17,00% (33)	19,7% (40)	9,2% (21)
C	6,70% (13)	9,9% (20)	9,6% (22)
D	1,03% (2)	3,9% (8)	4,4% (10)
Aðlagð námsmat	1,03% (2)	7,3% (15)	
Samtals	100% (194)	100% (203)	100% (228*)

*Einn nemandi fer í 10.bekk næsta vetur sem tók fjölbraut í vetur og því er þessi tala einum lægri en í hinni töflunni.

Grunnþættir menntunar

Í öllum árgöngum eru hæfnimarkmið og matsviðmið verkefna kynnt fyrir nemendum í upphafi verkefnavinnu, svo þeir viti til hvers er ætlast af þeim og hvaða þættir verkefnisins eru metnir (leiðsagnarmat) í samræmi við áherslur í aðalnámsskrá gunnskóla. Ýmis skapandi verkefni voru unnin upp úr lesefni og myndefni í öllum árgöngum sem nemendur vinna ýmist einir eða í samvinnu. Gefið var val um verkefni og úrvinnsluleiðir, þar sem færi gafst á að efla gagnrýna hugsun og koma eigin skoðunum á framfæri á skipulegan og rökréttan hátt. Í para-og-hópverkefnum þurftu nemendur að sýna fram á færni í að bera sameiginlega ábyrgð í verkefnavinnu og að virða skilafrest. Hins vegar, vegna tilkomu gervigreindar, höfum við látið nemendur skrifa ritgerðir á netlausar tölvur eftir undirbúning í tímum svo betur sjáist raunveruleg kunnátta nemenda án utanaðkomandi hjálpar í lokaafurðinni.

Mikil áhersla er lögð á leiðbeinandi kennsluhætti í vinnu enskukennara með nemendum. Nemendur í öllum árgöngum fá leiðsögn um hvað er vel gert og hvað þurfi að bæta á meðan á verkefnavinnu stendur og með skriflegri umsögn við einkunnina eftir verkefnaskil. Google Classroom hefur gefist vel í leiðsagnarferlinu í mjög margvíslegum verkefnum, t.d. kynningum, þemaverkefnum, og styttri og lengri ritunum og ritgerðum.

Skólaþróun

Í ár var mikil vinna sett í að uppfæra próf og verkefni á rafrænt form og það hefur verið til mikilla bóta, enda nemendur allir með Chrome tölvur. Þróunarstýrkur fékkst vegna þessarar vinnu í einum árgangi, en ljóst er að meira verður gert í hinum tveimur líka næstu misserin. Gervigreind hefur lítils háttar verið notuð í hugmyndavinnu að verkefnum fyrir nemendur og greinilegt er að þar felast möguleikar. Við höfum hug á að nýta gervigreindina enn frekar til þess að uppfæra verkefni og jafnvel til þess að prófa að fara yfir verkefni, en til þess þyrfti áskrift að vandaðri útgáfu af gervigreind. En nemendur hafa einnig í síauknum mæli áttað sig á möguleikum gervigreindar og því hefur þurft að prófa raunverulega getu nemenda t.d. við að skrifa ritgerð á netlausum tölvum. Það er núna orðið að áskorun fyrir kennara að meta raunverulega getu nemenda þegar margt er orðið rafrænt, þ.m.t. allar heimildir. Það er því ekki að ástæðulausu að við í enskudeild lögðum fram beiðni um kaup á aðgangi á forritinu DUGGA sem læsir vinnuumhverfi nemenda í prófum og ritunum, en hátt í tveimur árum eftir fyrstu fyrirspurn er það enn ekki gengið í gegn. Forritið er notað í nokkrum framhaldsskólum sem bendir til þess að það myndi nýtast vel hjá okkur líka.

Mat á starfi skólaársins

Starf vetrarins hefur að mestu leyti gengið mjög vel. Deildin er samhent í vinnu sinni og í sameiningu höfum við enn frekar gert námsefni í öllum árgöngum að okkar eigin, enda ekki annað efni boðlegt en það sem við útbúum sjálf þar sem kennslubækurnar Spotlight eru löngu úreltar. Við höfum þróað starf deildarinnar töluvert í átt að rafrænu efni, verkefnum og prófum, sem svör fást við nánast strax. Annað árið í röð voru vorprófin rafræn sem kom sér mjög vel þar sem mjög skammur tími gafst til yfirferðar.

Það kom berlega í ljós í miðferð í 10. bekk og hægferð í 9.bekk, að það gefst mjög vel, og er einfaldlega nauðsynlegt, að hafa tvo kennara með hvern hóp og verður svo vonandi áfram. Jafnframt er mjög mikilvægt að passa það áfram að slíkir þungir hópar verði ekki of stórir.

Við teljum okkur vera að gera vel hvað varðar leiðsagnarmat, fjölbreytta kennsluhætti, fjölbreytt og nútímalegt námsefni og notkun upplýsingatækni í kennslu, en þó hefur komið í ljós þörf á að þjálfar nemendur enn frekar í upplýsingatækninni því þar standa ekki allir nemendur jafnfætis. Framsögn nemenda fékk aukna áherslu í vetur en ljóst er að þar má enn bæta í og við ætlum að hafa reglulega umræðutíma á meðan lestur skáldsagna stendur yfir og jafnvel oftast þegar það á við. Einnig sést þörf á því að venja nemendur enn betur á að passa skilafresti, jafnvel þó að matskvarðar og verklýsingar séu aðgengileg á öllum tímum í hverri lotu. Sum verkefni gengu áberandi vel og mætti þar nefna verkefnið *Inventing an animal* í 8.bekk sem reyndi á sköpunargleðina, verkefnið með bókinni *Wonder* í 9.bekk um mjög mannlega þætti, tilfinningar og samkennd, og *Healthy Living* í 10.bekk þar sem nemendur gerðu sér betur grein fyrir því að það skiptir miklu máli að borða vel og hvílast vel til þess að komast vel í gegnum daginn og sem þeir ræddu áfram sín á milli.

Inngangur að formlegri ritun með sannfærandi rökum hefur færst meira niður í 9.bekk til þess að byggja enn frekar undir frammistöðu nemenda í 10.bekknunum – nokkuð sem mikilvægt er að hafa gott vald á í framhaldsskóla. Ánægjulegt var að sjá afrakstur vinnu nemenda og fylltu vönduð veggspjöld nemenda annars auða veggi á göngum skólans sem aðrir nemendur sáust oft vera að velta fyrir sér.

Við í enskudeildinni erum stöðugt að laga til námsáætlanir og námsefni, áætlanir eru jafnvel uppfærðar á miðjum vetri. Álit nemenda á námsefninu var skoðað með stuttri (rafrænni) könnun í vor og það sýnir hvaða verkefni nutu hylli og hverju mætti athuga að skipta úti. Helst vilja nemendur sjá fleiri kvikmyndir ef ætti að breyta einhverju, en slíku verður auðvitað að halda innan marka! Bókaval og myndefni í öllum árgöngum fannst nemendum annars áhugavert í vetur því það fjallaði oft um unglinga eða málefni sem snerta alla - og það skilaði bæði athygli nemenda og góðri verkefnavinnu. En ljóst er að leitinn að hentugu og skemmtilegu námsefni sem virkjar áhuga nemenda, veitir innsýn í aðra menningarheima, en veitir um leið nauðsynlega æfingu í lestri, hlustun, ritun og tali, verður áfram mikilvægt viðfangsefni.

Að lokum skal minnst á okkar reyndasti kennari til 40 ára, og fagstjóri deildarinnar lengst af, Halla Thorlacius, hefur ákveðið að hætta störfum eftir afar heillaríkan kennsluferil. Hennar verður auðvitað sárt saknað, enda mikill fagmaður og góður félagi, en sem betur fer eru hugmyndir á lofti um að hún komi inn í forföll og/eða á álagstímum innan deildarinnar, a.m.k. næsta vetur og er vonandi að það gangi eftir.

Sigurður Stefán Haraldsson, fagstjóri í ensku.

Heimilisfræði

Kennarar í heimilisfræði voru þau Hulda Sigurjónsdóttir og Kristján Rafn Heiðarsson.

Kennsluefni

Notaðar eru uppskriftir frá kennurum og aðrar af netinu til verklegrar kennslu í öllum árgöngum.

Kennslustundafjöldi

8. bekkur. Tvær kennslustundir á viku, hálfan veturinn.

9. bekkur. Tvær kennslustundir á viku, hálfan veturinn.

10. bekkur. Tvær kennslustundir á viku, hálfan veturinn.

Námsmat

Í öllum árgöngum er stuðst við símat. Í 8. bekk er hver tími metinn, það er verkleg vinna hvers og eins nemanda. Við erum með lokaverkefni hjá 8. bekk sem er metið til einkunnar þar sem nemendur elda heima og taka myndir sem og segja frá ferlinu og skila inn á Classroom. Þetta árið var verkefnið lagt fyrir í vikunni sem verkfall skall á haustönn og þar af leiðandi datt það út þetta árið hjá haust- og vorannarhópum. Í 9. og

10. bekk er hver verklegur tími metinn og gefin einkunn eftir hvern tíma. Algengasta einkunnin í heimilisfræði er B og B+ en að meðaltali einn til tveir í hverjum hóp sem fær lægra eða hærra.

Helstu kennsluáherslur fagdeildar

Nemendur eru í langflestum tilvikum mjög glaðir og áhugasamir í tímum og vilja ekki missa úr enda fáum við að heyra það ef tíminn fellur niður. Það var nokkuð sérstakt miðað við fyrri reynslu hvað valið í 9. bekk var illa sótt og höfum við sjaldan upplifað það. Nemendur stóðu sig flestir vel og voru mjög áhugasamir. Hefur þar kannski stór áhrif góður félagsandi í kennslustundum, skemmtileg matreiðsla og að nemendur fái að borða.

Nemendum er skipt í hópa, 2-4 í hópi sem vinna saman og bera sameiginlega ábyrgð á vinnusvæðinu. Þar reynir á félagslegan þroska þeirra, sem getur verið misjafn. Nemendur vinna annað hvort einstaklings- eða sameiginleg verkefni samkvæmt kennsluáætlun en fá að velja sér verklegt verkefni um það bil einu sinni til tvisvar á önn.

Í verklegum þætti eru megin áherslur heimilisfræði/matreiðslu að nemandi kynnist undirstöðuatriðum við matreiðslu og baksturs mismunandi rétta, svo sem kjöts, fisks og brauðréttar ásamt kökubakstri. Nemandi kynnist algengustu matreiðsluáðferðum ásamt matreiðsluháttum annara þjóða.

Nemandi þjálfist í að nota helstu áhöld og tæki sem tilheyra heimiliseldhúsi, læri að vinna sjálfstætt, með öðrum í sátt og samlyndi, geti forgangsraðað verkefnum, unnið skipulega og haldið vinnusvæðinu hreinu og snyrtilegu. Að nemandi taki ábyrgð á vinnusvæði sínu og geri sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis við matreiðslu og umgengni við matvæli.

Lögð er áhersla á að nemendur verði meðvitaðir um mikilvægi þess að matreiða/baka frá grunni sem gerir heimilishaldið hagkvæmara og að forðast óþarfa aukaefni í matvælum, að það þurfi ekki endilega að taka langan tíma að laga matinn sjálfur.

Fjallað er um mikilvægi þess að fara vel með hráefni, ekki henda matvælum að óþörfu, passa upp á geymslupól, dagsetningar og kælingu matvæla. Að nemandur geri sér grein fyrir því að dagsetningar á matvælum eru miðaðar við best fyrir, matvaran sé ekki endilega ónýtt, eins og algengt er að fólk haldi t.d. um mjólkurvörur, sem geymast mjög vel sé passað upp á kælingu. Að henda mat að óþörfu í ruslið er sambærilegt við að henda peningum og er einnig slæmt fyrir umhverfið. Við leiðbeinum nemendum að nota lyktar- og bragðskyn til að meta það hvort matvaran sé í lagi eða ekki en ekki horfa eingöngu á dagsetningu umbúða.

Farið er í flokkun og almenna umhverfisvitund. Nemendur flokka lífrænan úrgang, pappu, plast, ál, málma ofl. Jafnframt förum við í sápunotkun og önnur efni og mikilvægi þess að nota minna en meira. Nemendur eru flestir meðvitaðir um mikilvægi þess að flokka og huga að umhverfinu með of mikilli notkun efna eða matarsóun.

Fjallað er um óhollustu sykurs og sykur í mætvælum, sérstaklega í tilbúnum mætvælum svo sem ýmsum drykkjum og mjólkurvörum og að mikilvægi þess að neyta fjölbreytts fæðis og vera meðvitaður um þau

hráefni sem eru í matnum sem við borðum. Því sé mikilvægt að laga matinn frá grunni og forðast sem mest unnar matvörur.

Verklega námið er mikilvægur hluti skólastarfsins þar sem tækifæri gefst til að hvíla sig smá stund frá bókunum en um leið læra aðra mikilvæga hluti sem nýtast vel út lífið.

Verkleg vinna

Í verklega náminu reynir mjög á hæfni, sjálfstæði, skipulag og samvinnu nemenda sem getur gengið misjafnlega, sérstaklega við þrif og frágang. Oftast gengur samvinnan vel, sem er nauðsynlegt svo sett markmið náist á stuttum tíma. Markmiðið í verklega náminu er að undirbúa-elda/baka-borða og ganga frá vinnusvæðinu áður en næsti hópur mætir. Stuttur tími milli hópa er stressandi fyrir kennarana sem þurfa að undirbúa verkefni fyrir næsta hóp sem oft eru með önnur verkefni.

Heimanám

Nemendur vinna eitt lokaverkefni í 8. bekk í lok annar þar sem þeir eiga að matreiða og undirbúa kvöldmáltíð fyrir fjölskyldu og/eða vini. Nemendur þurfa að segja frá ferlinu í texta og myndum. Þetta verkefni hefur nemendum þótt mjög áhugavert, lærdómsríkt og skemmtilegt.

Kostnaður

Heimilisfræði/matreiðsla hefur í för með sér töluverðan kostnað og hefur matvöruverð hækkað nokkuð síðustu misserin svo um getur verið að ræða nokkurra prósentu hækkun á milli anna. Það er verðugt verkefni að passa vel upp á öll hráefniskaup til heimilisfræðinnar, fara vel með og gera nemendur meðvitaða um mikilvægi þeirra þátta.

Þróun

Undanfarin ár hefur verið unnið að því innan fagsins að aðlaga verkefni með það að markmiði að draga úr hráefniskostnaði. Það hefur verið gert með því að hafa minna af kjöt og fiskréttum og meira af brauð og kökubakstri og minnka magn, sérstaklega hvað varðar dýrara hráefni í uppskriftum. Brauð og kökubakstur eru góð og verðug verkefni en flokkast ekki beint sem hollusta ef of mikið er unnið með slíkt.

Hefur með þessu tekist að halda í við aukinn kostnað við hráefnisinnkaup. Ljóst er að það verkefni heldur áfram en það er ekki hægt endalaust að draga úr hráefniskostnaði án þess að það fari að bitna á kennslunni þar sem vöruverð hækkar stöðugt. Áætlað ráðstöfunarfé til heimilisfræðinnar hefur ekki stigið í sama takt við verðhækkanir og er þar með líklegt að kostnaður við vöruinnkaup geti farið fram úr áætlunum. Það hefur orðið sérstaklega mikil hækkun á síðustu árum á matvælaverði.

Verðugt verkefni inn í framtíðina er að auka við matreiðslu af hollara tagi, svo sem grænmetisréttu í bland við kjöt, fisk og gróf brauð.

Það eru fáir en einhverjir í kjöt- og/eða fisklausum lífsstíl og þá reynir á útfærslu og skipulag kennarans að finna eitthvað annað hráefni í staðin. Einnig þarf að huga vel að þeim nemendum sem eru með óþol eða ofnæmi.

Gagn og gaman

Gagn og gaman dagar voru á dagskrá aftur í ár eftir að hafa fallið niður í fyrra. Við teljum þetta vera mikilvæga daga uppbrot í skólastarfi þó að þeir kalli á mikla vinnu fyrir kennara. Mjög gaman og gagnlegt þar sem nemendur fá m.a. að spreyta sig í matreiðslu á villibrað.

Þrif

Frágangur og þrif nemenda í lok kennslustunda eru misjöfn og fer töluverður tími kennara í þrif þegar kennslu er lokið á daginn. Eins og við höfum rætt áður þá er mikilvægt að skoða nánar hvernig þrifum verður háttað á komandi vetri og fara nánar yfir starfslýsingar kennara og starfsmanna sem sjá um þrif í eldhúsinu. Síðustu tvo vetur voru utanaðkomandi aðilar sem sáu um þrifin og voru þau ekki fullnægjandi af okkar hálfu og höfum við upplýst stjórnendur og húsvörð um það.

Endurnýjun og úrbætur

Óhjákvæmilegt er að endurnýja eitthvað af verkfærum og áhöldum þar sem tæki og tól hafa takmarkaðan líftíma og ganga úr sér, s.s. pottar, pönnur og smærri handverkfæri. Við höfum nýlega fjárfest í Kitchenaid hrærivélum og var það kærkomin fjárfesting inn í kennsluna.

Framtíðarsýn

List- og verkgreinakennarar voru einu sinni duglegir að hittast og deila skoðunum sín á milli en hafa ekki verið það síðastliðin ár. Það er mjög mikilvægt að auka samstarf á milli kennslufaga, t.d. milli verkgreina og vonandi bætum við úr því á næstkomandi skólaári.

Líkt og við höfum nefnt áður er alltaf þörf á að auka markvisst vitund nemenda um hvað þeir setja ofan í sig (borða), t.d. hvað varðar sykur í algengum matvælum, næringarinnihald og neysla/áhrif orkudrykkja, geymslupól og að öll fita sé t.d. ekki lífshættuleg og í mörgum tilvikum lífsnauðsynleg. Einnig er mikilvægt að leggja enn meiri áherslu á nýtingu og sóun matvæla, flokkun og almenna umhverfisvitund.

Hulda Sigurjónsdóttir og Kristján Rafn Heiðarsson , kennarar í heimilisfræði

ÍSAT – íslenska sem annað tungumál

Íslenska sem annað tungumál var kennt fyrsta skipti samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla veturinn 2024-2025 í Garðaskóla. Kennt var forstíga, 1.stíga og 2.stíga. Þeir sem eru komnir á 3.stíga voru settir inn í hægferð í íslensku í 9.bekk eða venjulega íslensku í 10.bekk með stuðningstíma – aukatíma í íslensku 1x 55 mín kennslustund í viku ásamt öðrum tvítyngdum nemendum sem eru komnir lengra en þurfa stuðning við íslenskuna.

Settir voru upp tveir hópar í ÍSAT. 1.stigs hópurinn fékk 6 x 55 mín. kennslustundir á vikur og 2.stigs hópurinn 5 x 55 mín. kennslustundir á viku í ÍSAT-kennslu. Þá fengu ÍSAT nemendur einnig 1 x 55 mín kennslustund til viðbótar í spil og spjall á íslensku aukalega. Kennt var þvert á árganga og ÍSAT kennslan sett í samfloti við íslensku inn í stundaskrá.

Í ágúst mánuði bættist við forstigs nemandi í Garðaskóla. Sá nemandi fékk 9 x 55 mín. kennslustundir á viku í ÍSAT.

Lögð voru fyrir milli mála próf á forstigs nemanda í lesskilningi og stærðfræði sem og stöðumat á aðra ÍSAT nemendur í íslensku og lesskilningi á þeirra eigin móðurmáli til að sjá hver námsleg staða þeirra væri, Sérkennarar sem sjá um íslensku sem annað mál halda utan um þau próf.

Tveir nemendur færðust á milli 1. og 2. stigs og einn nemandi færðist frá forstigi yfir á 1.stig skólaárið 2024-2025.

Fjöldi ÍSAT nemenda skólaárið 2024–2025 voru 13 þegar mest var. Við lok skólaárs var fjöldinn 11. Fjöldinn skiptist þannig þvert á árganga:

- Forstig: 1 nemandi (10.bekkur)
- 1. stig: 3 nemendur (9 . og 10.bekkur)
- 2. stig: 7 nemendur (8.,9., og 10.bekkur)

Fjöldi nemenda sem voru tvítyngdir og nýttu sér 1 x 55 mín kennslustund á viku í auka-íslensku og eru á 3.stigi eða þurfa smá stuðning í venjulegri íslensku voru 47 samtals og skiptust þannig eftir árgöngum í Garðaskóla skólaárið 2024-2025:

- 8. bekkur: 18 nemendur
- 9. bekkur: 14 nemendur
- 10. Bekkur: 15 nemendur

Allir ÍSAT nemendur og margir tvítyngdir nemendur eru í undanþágu í dönsku og sumir í undanþágu í samfélagsfræði og / eða náttúrufræði. Eftir áramót tókum við af undanþágu í náttúrufræði og samfélagsfræði hjá nokkrum ÍSAT nemendum og settum þau inn í hópa, það gekk vonum framan og útskrifuðust 10.bekkjarnir ÍSAT nemendur með einkunnir úr samfélagsfræði og náttúrufræði.

Allir ÍSAT nemendur eru í samþættri þjónustu og/eða móttöku flóttafólks hjá Garðabæ.

Hjördís Eva Ólafsdóttir, deildarstjóri

Íslenska

Kennarar í íslensku í vetur voru: Hulda Kristmannsdóttir, Karl Pálsson, Móeiður Júníusdóttir, Ragnheiður Eggertsdóttir, Ragnhildur Thorlacius, Rósa Björk Guðnadóttir og Rúna Björk Þorsteinsdóttir.

Ferðaskipting

Engin ferðaskipting var í 8. bekk frekar en fyrri ár.

Í 9. bekk var sama fyrirkomulag og undanfarin ár, hægferð, miðferð og flugferð. Á skólaárinu voru 12 nemendur í hægferð, allir með aðlagð námsefni og námsmat. Yfirferð námsefnis og verkefna er hvort tveggja miðað við námslega getu nemenda. Miðferðin er fjölmennust og í henni er þorri allra nemenda í árganginum. Í flugferðinni, sem tekur bæði námsefni 9. og 10. bekkjar á einu skólaári, voru 30 nemendur að þessu sinni.

Í 10. bekk var engin hægferð frekar en síðustu skólaár. Þess í stað voru tvær ferðir, miðferð og hraðferð, auk fjölbrautarhópsins. Í miðferð er farið hæggar yfir námsefnið og nemendur vinna að nokkru leyti önnur verkefni en þeir sem eru í hraðferð en taka sömu próf. Reynslan af þessu fyrirkomulagi hefur gefist vel og því heldur það sér. Fjölbrautarhópurinn tók einn áfanga frá FG á haustönn en var í ýmsu framhaldsskólatengdu efni á vorönninni.

Fjöldi nemenda í hverjum hópi/ferð skólaárið 2024 - 2025

Ferðir	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Hægferð	Engin	12	
Miðferð	ferðaskipting	155	23
Hraðferð	í		176
Flugferð	8. bekk	30	
Fjölbrautahópur			28

Kennsluhættir

Kennsluhættir hafa að mestu verið svipaðir og á síðasta skólaári. Á þessu skólaári fengu allir nemendur eigin Chromebook-tölvu og hafði það áhrif á fyrirlögn verkefna og verkefnavinnu. Reynt er að hafa kennsluna fjölbreytta þannig að hún höfði til allra nemenda og mismunandi hópa. Að öðru leyti vísast til námsáætlana og skólanámskrár.

Grunnþættir menntunar

Í íslenskudeildinni er ekki unnið sérstaklega með grunnþætti menntunar en þeir fléttast inn í starfið á einn eða annan hátt án þess að vera beinlínis orðaðir í kennslunni. Það á bæði við um verkefni sem tengjast grunnþáttunum beint eða óbeint og ekki síður í umræðum í kennslustundum. Þeir þættir sem koma einna mest við sögu á þennan máta eru læsi, jafnrétti og sköpun en hinir þrír seytla líka með þó í minna mæli sé.

Breytingar og þróunarverkefni

Á þessu skólaári voru ekki miklar breytingar, hvorki á kennslufyrirkomulagi né öðru skipulagi. Þó er alltaf einhver gerjun í gangi innan deildarinnar, námsefni breytist, verkefni og vinnulag sömuleiðis. Reynsla síðustu tveggja skólaára af aukatíma í 8. bekk er mjög góð og um það eru allir kennarar sammála. Unnt er að sinna ritunarkennslu í 8. bekk jafnt og þétt þar sem nemendur hafa eigin tölvu í öllum kennslustundum. Engin

eiginleg þróunarverkefni sem snúa beint að leiðsagnarmati eða leiðbeinandi kennsluháttum hafa verið í gangi. Alltaf er þó umræða innan deildarinnar um hvernig slíku verði best fyrir komið.

Dreifing einkunna: Hlutfall nemenda í hverjum árgangi með tiltekna lokaeinkunn vorið 2024

Einkunn	Fjöldi nemenda í 8. b.	Fjöldi nemenda í 9. b.	Fjöldi nem. í 10. b.
A	1,1	0,5	11,9
B+	28,7	21,9	27,8
B	44,6	42,8	36,6
C+	15,5	22,8	13,6
C	8,3	11,85	5,7
D	1,7	0,15	4,4
Aðlagð námsefni/námsmat	3 nem. af 181	12 nem. af 197	0 nem. af 227
Undanþága/vottorð	0	0	0
Samtals	100%	100%	100%

Í hlutfallstölunum hér að ofan eru einnig nemendur sem eru með aðlagð námsmat.

Mat á starfi skólaársins

Við teljum að vel hafi til tekist á skólaárinu og í heildina erum við sátt við árangurinn. Deildin leitar stöðugt leiða til að gera gott starf enn betra og þó að breytingar séu ekki alltaf miklar eða auðsæjar milli ára, á stöðug gerjun sér stað. Við höfum dregið jafnt og þétt úr vægi málfræðikennslu undanfarin ár en aukið við kennslu í bókmenntum og ritun. Við munum halda áfram að endurmeta þann bókakost sem notaður er við námið, taka inn nýtt efni en leggja annað til hliðar, a.m.k. í bili. Aðgangur nemenda að Chromebook-tölvum hefur haft jákvæð áhrif í kennslunni og nýst vel. Markmið deildarinnar er enn sem áður að gera nemendur að sem bestum málnotendum. Það reynum við að gera með ýmsu móti og vísast þar sem fyrr í námsáætlanir.

Mikil jákvæð breyting varð frá fyrra ári, þegar kennarar deildarinnar voru dreifðir um allt skólasvæðið vegna mygluframkvæmda. Mun skilvirkara er þegar vinnuaðstaða kennara er stöðug og á sama stað í húsinu.

Hulda Kristmannsdóttir, Ragnheiður Eggertsdóttir og Ragnhildur Thorlaciú, fagstjórar í íslensku.

Myndlist

Myndlistarkennarar á árinu voru þær Herborg Eðvaldsdóttir og Sædís Harpa Stefánsdóttir.

Nám og kennsla

Allir nemendur 8. bekkjar í Garðaskóla fara í myndmennt hálf tónaárið. Beekjunum er skipti í tvennt og eru annað hvort fyrir eða eftir áramót í þessum greinum. Innan deildarinnar eru svo valáfangar sem standa nemendum í 9. og 10. bekk til boða. Í vetur var það myndlistarval og leir og hönnun. Á þessu skólaári var breytt snið á myndlistarvali, en nemendur voru með einn tíma í töflu allt skólaárið í stað tveggja tíma hálf tónaárið. Sú breyting hafði sýnar áskoranir en það gekk verr að halda utan um verkefni sem krafðist meiri tíma en betur passaði að koma tímum fyrir í töflu.

Námsmat og grunnþættir menntunar

Nemendur skila inn verkefnaöppu í lok áfangans og fá einkunn fyrir hvert verkefni ásamt því að fá vinnueinkunn fyrir virkni á önninni. Myndlistin kemur inn á alla grunnþætti menntunar sem eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Innan deildarinnar er unnið með leiðbeinandi og einstaklingsmiðaða kennsluhætti. Nemendur fá frelsi innan hvers verkefnis til að koma með sína nálgun og virkja eigin sköpunarkraft og gleði.

Skólabróun

Í haust lögðum við sérstaka áherslu á að auka val í kennslunni í 8. bekk. Við þróuðum verkefni þar sem nemendur gátu valið eitt af þremur ólíkum viðfangsefnum, með það að markmiði að virkja áhuga þeirra og hvetja til persónulegrar tengingar við verkefnin. Valdið hafði jákvæð áhrif á þátttöku og sjálfstæði nemenda, og vakti aukna gleði í kennslustundum.

Í myndlistarvali bætti Sædis Harpa við lokaverkefni og munnlegu lokaprófi þar sem lögð var rík áhersla á sjálfstæða vinnu. Nemendur fengu að vinna með eigin hugmyndir og áhugasvið, og setja fram verkefni sem þau höfðu unnið að yfir nokkrar vikur. Verkefnin voru fjölbreytt og sem dæmi var einn nemandi í 9. bekk sem tók að sér að myndskreyta skólann.

Við ákváðum að halda áfram með fjarviddarteikningu í 8. bekk, sem var tekin upp á síðasta skólaár. Þá kom í ljós að nemendur voru ekki með nógu góðan grunn í fjarvidd þegar þau áttu að gera stærðfræðiverkefni í 9. bekk þar sem þau teikna upp sitt eigið herbergi. Við höfum séð jákvæð áhrif af þessari breytingu og teljum mikilvægt að halda henni áfram.

Mat á starfi skólaársins

Skólaárið gekk í heildina vel og við náðum að halda góðu flæði í kennslunni, þrátt fyrir aðstæður sem reyndu töluvert á. En framkvæmdir stóðu yfir í kennslustofunni nær alla önnina og verkfall kennara lagðist ofan á það. Þetta er nú þriðja skólaárið í röð þar sem við höfum ekki haft aðgang að myndmenntastofu sem uppfyllir þarfir faggreinarinnar. Það hefur þó gengið vel að finna lausnir á þessum aðstæðum.

Okkar upplifun var sú að eftir að tímarnir voru færðir í 1 tíma í töflu voru fleiri sem komu í áfangann sem höfðu engann áhuga en það virtist henta vel í töflu. Því miður hafði það þær afleiðingar að nemendur voru mikið fjarverandi eða mættu ekki í tíma. Við sáum mikla breytingu á hópunum frá því að síðasta skólaári. En

við teljum það mikilvægt að gefa þessu meiri tíma og sjá hvernig við getum aðlagð kennsluna að fjölbreyttari hópum og breyttu kennslufyrirkomulagi.

Lokaverkefnið í vor heppnaðist afar vel og við sáum fjölbreyttar og metnaðarfullar útfærslur. Einnig væri spennandi að nýta aðstöðuna sem eru til staðar og setja upp mykraherbergi næsta vetur fyrir ljósmyndun, þar sem öll tæki og aðstaða eru nú til staðar til að slíkt geti orðið hluti af náminu eða nýju valfagi.

Herborg Eðvaldsdóttir og Sædís Harpa Stefánsdóttir, kennarar í myndmennt

Náttúrufræði

Náttúrufræðikennarar á árinu voru þau Halldóra Lind Guðlaugsdóttir, Heimir Björnsson, Margrét Betty Jónsdóttir og Þorfinnur Hannesson.

Nám og kennsla

Hver hópur er 2 tíma í viku í náttúrufræði sem gera 110 mínútur alls í viku. Kennsla fer oftast þannig fram að stuttir fyrirlestrar útskýra helstu hugtök og mikilvægi þeirra fyrir nemendur, líf og land. Í framhaldi af því gera nemendur verkefni um efnið og reynt er að hafa verklega æfingu með efni hvernar lotu, stundum fleiri en eina. Lítið er um heimanám í faginu. Helst þurfa nemendur að vinna heima ef þá hefur vantað í tíma eða ef hópar fá mismarga tíma (t.d. vegna fimmtudagsfría á vorönn). Ef það er heimavinna þá er hún oftast afmörkuð og einföld þar sem við gerum ekki ráð fyrir að allir nemendur sitji við sama borð þegar kemur að því að geta fengið aðstoð heimavið.

Námsmat

Námsmat í faginu er símat sem er í leiðinni leiðsagnarmat. Nær öll verkefni koma með matskvarða sem metið er eftir og fá nemendur hann um leið og þeir fá verkefnalýsingu. Með því geta nemendur skoðað meðan verkefni er unnið hvort þeir séu að uppfylla þau atriði sem eru metin samkvæmt aðalnámskrá og kennarar vísa í þann matskvarða meðan þeir ganga á milli og aðstoða. Það er ekki lokapróf í náttúrufræði og í raun eru fá próf nema um lítil afmörkuð atriði eins og hvort nemendur geti stillt efnajöfnu.

Eftirfarandi tafla sýnir einkunnadreifingu í náttúrufræði miðað við þá nemendur sem eru í náttúrufræði. Nemendur með undanþágu í greininni eru ekki með í þessum tölum.

Einkunn	8. b.	9. b.	10. b.
A	7,26%	4,06%	10,81%
B+	37,99%	36,04%	40,54%
B	45,81%	33,50%	30,63%
C+	8,38%	18,78%	13,07%
C	0,56%	4,57%	2,70%
D	0%	3,05%	2,25%

Aðlagð námsmat	0%	0%	0%
Samtals	100%	100%	100%

Grunnþættir menntunar

Læsi: Nemendur gera verkefni í hverri lotu í 8. Bekk og í sumum lotum í 9. Og 10. Þar sem eingöngu er verið að skoða hvort þeir skilji og geti notað orðaforða náttúrufræðinnar. Allar lotur hafa sína lestexta og einnig hafa flest verkefni ítarefni þar sem hægt er að lesa meira um efnið. Ýtt er undir að nota frekar íslenskar vefsíður til upplýsingaleitar eins og Vísindavef Háskóla Íslands.

Sköpun: Nemendur hafa oft frjálst val um skil á verkefnum eða að þeim er stýrt í ákveðna átt en hafa val um útfærslu innan rammans. T.d. hafa komið spil, matreiðslubækur og fleira þegar verkefnum er skilað.

Sjálfbærni: Nemendum er uppálagt að fara vel með og nýta það efni sem þeir fá til afnota á skynsamlegan hátt. Deildin hefur líka verið dugleg að vinna verkefni um umhverfisvernd og sjálfbærni sem nemendur geta svo valið um hvort þeir sendi í keppnina Umhverfisfréttafólk á vegum Landverndar.

Heilbrigði og velferð: Náttúrufræði hefur kennt kynfræðslu og lagt í hana meira heldur en aðalnámskrá biður um. Einnig eru tilraunir og fræðsla um bakteríur, sveppi og örverur nokkuð veigamikill hluti. Nemendum er uppálagt að sitja svo það sé gott fyrir líkamann og nota þau hjálpargögn sem þeir hafa rétt á eins og hljóðbækur, stærri texta og fleira.

Lýðræði og mannréttindi: Nemendur fá stundum að velja sig í hópa og stundum er dregið. Með því er komið til móts við óskir þeirra um að vera með vinum en líka komið í veg fyrir að einn vinur geri alltaf vinnuna fyrir hina og að þau læri að vinna með fleirum en sínum bestu vinum. Í nokkrum verkefnum er krafa um að nemendur segi til um hvernig efnið hafi áhrif á þau, heiminn og aðra í honum hvort sem það er gott eða slæmt. Í hópvinnu gera nemendur teymissamning þar sem þeir lofa að vinna vel saman og finna lausnir í sameiningu.

Jafnrétti: Nemendur sitja allir við sama borð. Engum er gert hærra undir höfði en öðrum en mikið lagt upp úr því að þeir sem ekki eru eins og flestir eigi hér skjól. Það er meðal annars sýnt með því að fáni kynsegin fólks hangir uppi. Fundnir eru sterku hliðar þeirra sem eiga erfitt með nám og þeir notaðir til að ljá þeim nemendum rödd og sýna að þeir geti tekið þátt.

Skólaþróun

Nýbreytni náttúrufræðideildar í vetur var að reyna að koma inn verklegri æfingu í allar lotur. Það tókst ekki alveg meðal annars vegna þess hve ólíkur bakgrunnur kennaranna er og vöntun á tækjum sem við áttum einu sinni og vitum ekki alveg hvar við fáum endurnýjuð. Einnig var námsmati í lotum 8. Bekkja breytt þannig að einkunn var gefin fyrir lotuna en ekki einstök verkefni þannig að nemendur höfðu möguleika á að bæta sig innan lotunnar. Við unnum líka í þróunarverkefni þar sem búinn var til orðaveggur úr bókinni Lífheimur og

verður skýrslu um þá vinnu skilað nú í júní. Nemendur notuðu gervigreind í einhverjum verkefnum og sást það best á því hve léleg gervigreindin er í íslenskum náttúrufræðihugtökum. Hún var hins vegar mjög góð í að teikna myndir af uppdikeytum dýrum framtíðarinnar.

Mat á starfi skólaársins

Ýmislegt gekk vel í vetur. Verklegar æfingar voru fleiri en árið áður en við erum enn að glíma við að allskyns dóti sem notað var í tilraunir var hent í mygluhreinsun því það var flokkað sem drasl eða ekki þess virði að sótthreinsa. Má þar t.d. nefna tæki til að kryfja sem eru sérstaklega gerð til að hægt sé að sótthreinsa þau var hent. Þessi tæki hafa verið pöntuð aftur hjá A4 en eru ekki til eða hafa að minnsta kosti ekki skilað sér í hús. Í ár voru oft tveir og tveir 9. og 10. bekkir saman í stokki og gerði það okkur lífið svolítið erfitt. Í fyrsta lagi þá er ekki til nóg af græjum, tækjum og tólum til að gera tilraunir með tveimur 24 manna hópum í einu og í öðru lagi þá gerði það okkur mjög erfitt að leysa hvort annað af þegar þess þurfti. Ekki auðvelt að fá utanaðkomandi til að gera tilraun eða útskýra osmósu til dæmis. Það sem var gott við það var að við hefðum átt að eiga fleiri eyður saman til að skipuleggja en því miður fór mikið af þeim í stærðfræðikennslu þetta árið. Sóknarfærin liggja í að nýta orðavegginn sem búinn hefur verið til Bæta enn fleiri verklegum æfingum inn í kennsluna, bæði sýnitilraunum og tilraunum sem nemendur framkvæma sjálfir. Samvinna samfélagsfræði og náttúrufræði gefur líka mörg sóknarfæri og hlökkum við til samvinnunnar við þau.

Áhrif framkvæmda og vanframkvæmda á skólastarfið

Í vetur hafa enn verið miklar framkvæmdir í skólanum og hafa þær haft áhrif á skólastarf. T.d. voru kennslustofur náttúrufræðinnar ekki tilbúnar í haust og eru í raun ekki enn.

Lím sem notað var til að loka rýmum er sumt enn á veggjum nálægt dyraopum og ef límbandið er ekki sjálft uppi þá er klístrið eftir það enn til staðar og safnar í sig ryki og drullu.

Gólfdukar voru ekki bónaðir eða það sem gert er á sumrin til að þeir líti ágætlega út og liggur dúkurinn í stofu 104 undir skemmdum vegna þessa (það hjálpar ekki að allir séu inni á skónum en það er annað mál).

Rafvirki hefur komið og skipt út flúorljósum fyrir led ljós. Led ljósin virka ekki eins og þau eiga að gera. Stilling á þeim festist illa og stundum kemur sterkt ljós á eitt ljós af 6 í sömu keðju. Rafvirki viðurkennir að þetta eigi ekki að vera svona og heldur að „gulir“ stillar sem eru í stofunum virki verr en „hvítir“ eins og er inni í vinnuherbergi 101.

Eftir á að klára frágang á sökkli undir hillum við hlið töflu í stofum 102 og 104 þeir eru hvítir með skrúfugötum og límmiðum utan á.

Ristar í gólfi eru hálffrágengnar og ein rist liggur á gólfinu ofan á hinni eiginlegu rist inni í stofu 104.

Í haust var talað um að þar sem skemmdir væru á framhlið skúffa í stofu 103 þá þyrfti að skipta um þær. Stendur það enn til?

Vanframkvæmdir eru meðal annars þær að vaskar eru meira og minna allir í lamasessi. Annaðhvort kemur úr þeim vatn sem frussast í allar áttir (búið er að taka síurnar úr nokkrum til að hægt sé að nota þá) eða það

dropar úr þeim. Þegar skrúfað er fyrir tekur langan tíma að hætta að leka og þéttingar með fram vöskum eru lélegar svo þegar það frussast fram hjá þá lekur inn í skápinn fyrir neðan á einhverjum stöðum.

Lotukerfis plaggat í stofu 102 er gamalt og illa rifið og þarf að endurnýja það.

Síðasta vetur 2023-2024, náðu einhverjir að brjóta læsingarnar á efnaskápnunum og þarf að laga þær svo við fáum ekki skammir frá þeim sem kemur og tekur út efnaskápinn og slökkvitækin á hverju ári. Fengum undanþágu í vetur þar sem það var verið að vinna í stofunni þegar þeir komu.

Nýja filtera vantar bæði í rakatæki og lofthreinsitæki.

Allt þetta hefur áhrif á kennslu og heilsu þeirra sem þar starfa. Það er líka erfitt að fá nemendur til að sýna umhverfi sínu virðingu þegar það lítur út eins og það hafi hvorki verið þrifið eða unnið neitt í því síðustu 10 ár þó að hvorugt sé satt.

Margrét Betty Jónsdóttir, fagstjóri í náttúrufræði

Samfélagsfræði

Samfélagfræðikennarar á árinu voru Andri Rafn Ottesen, Berglind Rósa Birgisdóttir, Heimir Björnsson og Rósanna Andrésdóttir.

Nám og kennsla

Nemendur í 10. bekk fá 155 mínútur á viku (þrjár kennslustundir) í samfélagsfræði og nemendur í 8. og 9. bekk fá 110 mínútur (tvær kennslustundir). Lífsleikni er fléttuð inn í kennsluna og alltaf gefst svigrúm til að bregða sér úr námsáætlun og ýmist bregða á leik eða ræða það sem er á döfinni. Þannig höfum við gott tækifæri til að ræða og útskýra fréttir líðandi stundar þegar það á við.

Í samfélagsgreinum leggjum við áherslu á að vinna í anda hæfniviðmiða og lykilhæfni Aðalnámskrár grunnskóla 2011-2013, eins og kemur fram í skólanámskrá og kennsluáætlunum deildarinnar í 8., 9. og 10. bekk. Meginhugtökin sem unnið var eftir í vetur voru jafnrétti, menning, mannréttindi, lýðræði, gagnrýnin og skapandi hugsun og fjármálalæsi. Til þess að vinna eftir þessum megin þáttum eru það einkum eftirfarandi greinar innan samfélagsgreina sem unnið er með – landafræði, lífsleikni, jarðfræði, þjóðfélagsfræði og saga 19. og 20. aldar, auk þess sem við kynnum nemendum fyrir fögum á borð við hagfræði, viðskiptafræði, stjórnmálafræði, mannfræði, lögfræði og sagnfræði. Deildin notar upplýsingatækni í miklum mæli ásamt því að leggja aukna áherslu á að skrifa góðan texta og setja upp heimildaskrá samkvæmt APA í samvinnu við íslensku og ensku deildina.

Ekki er ferðaskipting í samfélagsgreinum og aðeins örfáir einstaklingar sem voru með aðlagð námsefni í vetur. Þeir sitja þó sömu tíma og aðrir og eru jafn virkir þátttakendur í öllum verkefnum og umræðum og aðrir. Það hefur sýnt sig að bestu umræðurnar sem skapast í tímum eru í blönduðum hópum þar sem

nemendur með mismunandi styrkleika og bakgrunn mæta saman og eiga oft á tíðum mjög fjölbreyttar og fjörugar umræður, þar sem allir geta lært af öllum.

Leiðbeinandi kennsluhættir eru alltaf viðamiklir í deildinni og með tilkomu lokaverkefna, sérstaklega í 10.bekk, hefur leiðsögn eflst til muna. Með sjálfs- og jafningjamati komast raddir nemenda á framfæri og bjóða mjög oft upp á samtal um nám og vinnubrögð. Sú leið hefur sýnt sig að við fáum betur ígrunduð verkefni frá nemendum í kjölfar þess. Kennarar deildarinnar leggja áherslu á að allir nemendur fái bæði einkunn í bókstaf og umsögn um hvað sé vel gert og hvað megi betur fara. Nemendur nota þessa umsögn til að halda áfram að bæta sig og þannig sjáum við stíganda í námi. Þessi samvinna nemenda og kennara skilar sér í betra námi og námsumhverfi fyrir alla.

Námsmat

Í samfélagsgreinum er reynt að bjóða uppá fjölbreyttar leiðir í námsmati. Lögð er áhersla á að nemendur fái tækifæri til að upplifa ólíkar leiðir í verkefnaskilum og stundum eru fleiri en ein leið í boði. Þannig geta nemendur fengið tækifæri til að sýna kennurum sína bestu útkomu.

Það eru engin próf í samfélagsgreinum, hvorki lotupróf né lokapróf, heldur byggjum við námsmatið okkar á símati. Það er framkvæmt yfir allt skólaárið og eru öll verkefni og vinna undir þegar lokaeinkunn er reiknuð. Nemendur fá alltaf einstaklingseinkunn, líka þegar þeir taka þátt í hópavinnu.

Dreifing lokaeinkunna: fjöldi nemenda í hverjum árgangi með tiltekna lokaeinkunn skólaárið 2024-2025.

Einkunn	8. b.	9. b.	10.b.
A	6%	5%	6%
B+	30%	27%	39%
B	54%	42%	36%
C+	4%	13%	10%
C	1%	8%	3%
D	1%	2%	3%
Aðlagð námsmat	2%	1%	1%
Undanþága	3%	0%	2%
Samtals	100%	100%	100%

Grunnþættir menntunar

Samfélagsgreinadeildin vinnur með grunnþætti menntunar í sínu kennsluskipulagi. Gagnrýnin hugsun er lykilþáttur í grunnþætti **sköpunar** og til að mynda rauður þráður í námi nemenda í 10.bekk. Nemendur eru hvattir til þess að hugsa hlutina á gagnrýninn og skapandi hátt í öllum kennslustundum samfélagsgreina. Grunnþátturinn **jafnrétti** er einnig ofarlega á borði þar sem nemendur rýna í samskipti og samfélag daglega.

Farið er í sögu jafnréttis- og réttindabaráttu en þess er einnig gætt að allir sitji við sama borð og hafi jöfn tækifæri til að koma sínu á framfæri í kennslustundum og verkefnum. **Læsi** er stór þáttur í samfélagsgreinum en nemendur þurfa að vinna með allt frá hugtakalæsi, miðlalæsi og kortalæsi. Allar lotur byrja á að undirstrika stærstu hugtök þeirra áður en hægt er að vinna með þau enn frekar í verkefnavinnu.

Um leið og nemendur fá kynningu á Barnasáttmála og Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna er grunnþáttur **Lýðræðis og mannréttinda** orðinn skýr. Lýðræði er annað hugtak sem nær inn í flestar lotur í námi samfélagsgreinadeildarinnar.

Deildin tekur einnig virkan þátt í að efla **heilsu og velferð** nemenda með því að efla heilbrigða sjálfsmynd nemenda með umræðum og verkefnum og stefnt er að allir nemendur séu heilbrigð vel þenkjandi sál með sjálfstraust til að taka góðar ákvarðanir í eigin lífi.

Að lokum er það **sjálfbærnin** þar sem nemendum skoða nærumhverfi sitt betur og finna leiðir til að geta haft áhrif á umhverfi sitt. Með því að kenna nemendum ný verkfæri safnast saman í verkfærakistu þeirra til að geta tekist á við samfélag, náttúru og efnahag.

Skólaþróun

Lokaverkefni eru núna seinasta lotan í öllum árgöngum í samfélagsgreinum og loka þannig námsári nemenda. Eftir að hafa stigið frá lokaprófum seinustu ár höfum við þróað lokaverkefnið áfram. Í 8.bekk skapa nemendur sitt eigið land með öllum þeim áherslum sem nemendur hafa lært á skólaárinu. Í 9.bekk unnu nemendur stórt verkefni um hernám Íslands og fengu þannig tækifæri til að setja sig í spor Íslendinga í seinni heimsstyrjöldinni. Lokaverkefnið í 10.bekk var núna keyrt þriðja árið í röð og má segja að það sé farið að taka á sig fasta mynd. Lokaverkefnið köllum við „Sagan sem aldrei var kennd“ og endar með kynningu fyrir samnemendur. Í þessu lokaverkefni fá nemendur mjög frjálsar hendur til að móta hugmyndir sínar frá upphafi að lokaafurð. Foreldrasýningin var á sínum stað. Mætingin var mjög góð ásamt því að 9.bekk var boðið á sýninguna, en þau verða í þessum sporum að ári.

Samfélagsgreinadeildin fór ásamt náttúrufræðideildinni í samstarf sem hófst fyrir skólaslitin. Samstarfið byggir á þróunarverkefni sem deildirnar sóttu um saman og er ætlað að búa til meiri tengingu á milli. Þessar tvær deildir hafa tengingar á ákveðnum sviðum og þar geta leynst sóknarfæri. Í 8.bekk verður uppbygging á lotum þessarra tveggja deilda keyrt með frekar svipuðu móti ásamt því að útlit og uppsetning á verkefnalýsingum og matskvörðum verða einnig svipað uppbyggð.

Mat á starfi skólaársins

Deildin finnur fyrir miklum og jákvæðum breytingum við það að hver og einn nemandi skólans hafi fengið úthlutað Chromebook tölvu. Bæði léttir það á tölvukosti deildarinnar en gerir það einnig að verkum að allir nemendur eru tilbúnir til verka. Þar sem allir nemendur hafa sína eigin Chrome tölvu er hægt að leggja snjallsímann til hliðar og öll verkefni á einum stað. Á þessu skólaári létum við 8.bekk hafa stílabók og plastvasa sem mun fylgja þeim gegnum öll þrjú árin í samfélagsgreinum. Þannig er hægt að grípa í blað jafnt sem tölvu

eftir eðli verkefna. Hins vegar má segja að langstærstur hluti verkefna í deildinni séu í rafrænu formi, allt frá skilaverkefnum til rafrænna vinnubóka, en til að geta komið til móts við alla viljum við bjóða uppá aðgengi að stílabók einnig.

Það stýttist í að Garðabær fái að kalla sig Barnvænt samfélag, en það eru þau sveitafélög sem vinna markvisst að því að uppfylla réttindi barna og vinnur UNICEF á Íslandi samhliða því. Undanfarin ár hefur samfélagsgreinadeildin unnið að því að styrkja þennan þátt og með því að taka Barnasáttmálann fyrir í 8.bekk, Mannréttindayfirlýsingu SP í 10.bekk ásamt fleiri réttindafræðslu teljum við okkur vel á veg kominn til að sinna okkar hlutverki fyrir sveitafélagið þegar þessi stimpill verður staðfestur. Seinni hluti skólaársins 2024-2025 fór í vinnu tengda endurskoðun hæfniviðmiða í uppfærðum köflum í aðalnámsskrá grunnskóla og mun taka gildi í haust, skólaárið 2025-2026. Þessi vinna hefur verið tímafrek fyrir deildina þar sem flokkar hæfniviðmiða í samfélagsgreinum var meðal annars fjölgað úr þrem í sex en á móti hafa mörg hæfniviðmið verið einfölduð. Vinnan er ekki erfið en tekur tíma. Við lítum á þessa vinnu sem góða upprifjun á inntökum samfélagsgreina og muni bara leiða til enn betra og skilvirkara náms í samfélagsgreinadeild Garðaskóla.

Andri Rafn Ottesen, fagstjóri samfélagsgreina

Skólaípróttir

Íþróttakennarar á árinu voru þau Egill Þorri Arnarsson, Emine Gashi, Gígja Hrönn Árnadóttir og Rúnar Páll Sigmundsson.

Nám og kennsla

Starf íþróttadeildar hefur gengið mjög vel þetta skólaárið. Það hefur einkennst af miklum krafti og jákvæðni meðal kennara sem skilar sér til nemanda í öllum árgöngum. Starf íþróttakennara er fjölbreytt. Nemendur 8 og 9 bekk eru í einum íþróttatíma og einum sundtíma allt árið. Nemendur í 10. bekk eru ekki í sundi. Í staðinn fá þau auka tíma í íþróttum sem hefur reynst mjög vel í vetur.

Íþróttakennsla í Garðaskóla byggist á fagmennsku og unnið er eftir aðalnámsskrá Menntamálaráðuneytisins. Farið er yfir helstu íþróttir innan sem utandyra og leiki sem í boði eru hér á Íslandi. Nemendum er kynnt reglur og tækni íþróttanna og þau fá að spreyta sig í spili. Einnig er boðið upp á danskennslu tvisvar sinnum á ári eða einu sinni á hvorri önn. Mikilvægt er að nemendur séu virkir og viljugir að taka þátt sýni jákvæðni, virðingu og samvinnu í öllu því sem tekið er fyrir. Sundkennsla er mikilvægur þáttur íþróttakennslunnar. Mikilvægi sunds þarf ekki að telja upp hér en sund er frábær hreyfing og heilsubót fyrir nemendur Garðaskóla. Nemendur klára 10. sundstigið í 9. bekk og eru kröfurnar eftirfarandi:

- Nemendur í 8. bekk þurfa að synda 400 m undir 20 mínútum, synda 12 m kafsund og 12,5 m björgunarsund með annan nemanda.

- Nemendur í 9. bekk þurfa að synda 600 m undir 20 mínútur, synda 15 m kafsund og 25 m björgunarsund með annan nemanda. o Þeir nemendur sem klára þetta, ljúka 10. sundstig.
- Í hverjum sundtíma synda nemendur ólík sund allt frá 200 m upp í 600 m. Aðallega er unnið með bringusund, skriðsund og baksund en einnig er unnið með kafsund og björgunarsund.
- Eftir að nemendur hafa lokið því sem lagt er upp með í hverjum tíma fá þau að fara í heita og kaldapottinn og í gufubað.
- Með þessari uppbyggingu á sundkennslu teljum við markvisst sé unnið að áhrifapáttum heilbrigðis og vellíðanar.

Námsmat

Námsmatið í skólaípróttum er símat. En það byggist á **virgni** tímum að taka þátt í þeim íþróttagreinum sem er tekið fyrir hverju sinni. **Hegðun** og **samvinna** í tímum eru lykilættir í skólaípróttum, að geta unnið með ólíkar íþróttagreinar, gefið af sér jákvæðni og gleði til annara nemanda er mikilvægt í okkar tímum. Það er ekki nóg að vera góður í öllum íþróttagreinum ef þú ert ekki með rétt hugafar en einn aðalþátturinn í okkar starfi er að nemendum líði vel, að þau séu virk í tímum, geti unnið saman í hóp og leyst ólík verkefni.

Einkunnagjöf í ípróttum samanstendur af virgni, samvinnu og jákvæðni.

- Nemandi sem mætir vel og er virkur í tímum, og gefur frá sér jákvæða straum og gefur af sér til nemenda og kennara fær á bilinu A – B+
- Nemandi sem mætir alltaf en er ekki virkur og gefur lítið af sér, fær einkunn á bilinu B – C+
- Nemendur sem mættir ekki í íþróttir og sinnir því fagi lítið fær einkunn á bilinu C – D.
- Einkunnagjöf í sundi samanstendur af mætingu, virgni, sundstíl, köfun, björgunarsundi og þolsund. Einkunnagjöf er á bilinu A – C en til eru dæmi um það að nemendur fái D í einkunn. Það er nú aðallega vegna þess að þau hafi ekki mætt í sund og eru ekki með vottorð. Til umhugsunar um mikilvægi íþróttaiðkunar í skóla er gríðarleg. Heilsuefning þar sem líkamlegt og andlegt hreysti er meginmarkmið sem og samvinna nemenda, að læra að, gefa af sér og vinna saman í hóp er ótrúlega mikilvægt.

Einkunn	8. b.	9. b.	10.b.
A	2,15 %	6,8 %	17 %
B+	72 %	41 %	46 %
B	19 %	36 %	22,6 %
C+	4,9 %	8,2 %	7,2 %
C	0,8 %	3,4%	3,5 %

D	0%	1,46%	1,7 %
Aðlagað námsmat	1,15%	3,14%	2%
Samtals	100%	100%	100%

Mat á starfi skólaársins

Mikilvægi íþróttaiðkunar í skóla er gríðarleg. Heilsuefning þar sem líkamlegt og andlegt hreysti er meginmarkmið sem og samvinna nemenda, að læra að, gefa af sér og vinna saman í hóp er ótrúlega mikilvægt.

Skólasund í Garðaskóla hefur verið mikilvægur þáttur í lífi unglinga í Garðabæ. Nemendur eru þó misjafnir og sumum finnst óþægilegt að fara í sund en það heyrir til minnihluta nemenda. Þetta er eitthvað sem hefur verið og verður alltaf, aftur á móti er það hluti af þroskaferli einstaklinga. Einnig teljum við íþróttakennarar mikilvægt að kynna fyrir nemendum þá heilsulind og þau lífsgæði sem felast í því að fara í sund. Nemendur í sumum barnaskólum í Garðabæ búa ekki við sömu aðstæður og nemendur í Garðaskóla þegar kemur að topp aðstæðum til sundiðkunar. Þessi börn eru nær ósynd og því óásættanlegt að þau klári sundstigið í barnaskóla. Það er í raun dæmi sem gengur ekki upp. Að mæta í sund eru lífgæði sem við eigum ekki að taka af þeim stóra hluta nemendahóps eða allt að 90 % nemanda sem elska það að mæta í sund.

Kennsluaðstaðan við Ásgarð er ekki nógu góð og nýta þarf fimleikahúsið fyrir íþróttir alla daga vikunnar. Ekki væri hægt að bjóða upp á útiþróttir allt árið um kring, þar sem þættir eins og veður og aðstaða hafa mikið um það að segja. Miðgarður væri hugsanlega möguleiki en fyrirkomulagið yrði að vera á þá leið að íþróttakennarar væru með fasta daga, einn til tvo daga í viku, allur okkar búnaður þyrfti að vera í læstu rými og nemendur færi fram og til baka í skólabíl.

Góðu starfsandi og metnaður einkennir íþróttadeildina. Ólíkir einstaklingar með ólíkan bakgrunn sem vinna vel saman. Það er gaman að mæta í vinnuna og það eitt segir hversu gott það er að starfið í íþróttadeildinni.

Smíði

Smíðakennari í vetur var Haraldur Jónasson.

Nám og kennsla

Allir nemendur í 8. Bekk fara í smíði í tvær kennslustundir, hálf t. skólaárið. Nemendum í 9. og 10. bekk stendur svo til boða að velja smíði sem valgrein. Alls voru þrír hópar í valfaginu *Tálgun*, tveir hópar í valfaginu *Nördasmíði* og einn hópur í valfaginu *Brettagerð Garðabæjar*. Að auki kenndi smíðakennari einn hóp í valfaginu *Ljósmyndun*.

Fyrsta verkefnið þegar nýr hópur í 8. Bekk byrjar í smíði er ávallt að tálga. Um leið og nemendur læra undirstöðuatriði í tálgun og að handleika hættuleg verkfæri gefst kennara gott tækifæri til að spjalla og kynnast hópnum betur. Allir nemendur sitja í hring og taka þátt í umræðum á meðan tálgað er. Að öðru leyti velja nemendur sér sjálfir verkefni í 8. Bekk og einnig í valáföngum í 9. og 10. bekk.

Námsmat

Bæði í skyldunáminu í 8. Bekk og í valáföngum í eldri bekkjum er stuðst við símat. Helstu atriði sem höfð eru til hliðsjónar eru sjálfstæði í vinnubrögðum, vandvirkni, hegðun og vinnusemi.

Mat á starfi skólaársins

Kennslan gekk vel eins og síðustu ári. Smíðastofan er þó komin til ára sinna og fellur ekki vel að nútíma smíðakennslu. Sem betur fer á að taka stofuna í gegn í sumar og mun það verða mikil bragabót.

Haraldur Jónasson, kennari í smíðum.

STEAM

Kennari í STEAM á árinu var Berglind Laxdal, en STEAM stendur fyrir: vísindi, tækni, verkfræði, listir, hönnun og stærðfræði.

Nám og kennsla

Kenndar eru 80 mínútur á hvern hóp viku hverja, sem samsvarar 1,5 kennslustundum í töflu.

Í STEAM er beitt fjölbreyttum kennsluaðferðum og vinnubrögðum sem stuðla að virkri þátttöku nemenda og styrkja námsáhuga þeirra. Slík nálgun skapar kjöraðstæður fyrir sveigjanlega og einstaklingsmiðaða kennslu þar sem tekið er mið af áhugasviði, fyrri reynslu og þroska hvers og eins. Með því er nemendum gert kleift að nálgast viðfangsefni á eigin forsendum og fá tækifæri til að þróa með sér sjálfstæða og skapandi hugsun í öruggu námsumhverfi.

Mikilvægi er að ungt fólk búi yfir hæfni og eiginleikum til að geta tekið þátt í að móta nýjar lausnir í teymi við aðra og þvert á greinar til þess að mæta framtíðar áskorunum. STEAM samþættir vísindi, tækni, verkfræði, listir, hönnun og stærðfræði í gegnum viðfangsefni nemenda.

Námsmat

Námsmati er háttað þannig að símat fer fram alla önnina, ásamt mati á stórum verkefnum sem nemendur vinna ýmist einir, í pörum eða teymi. Einna helst er horft til hugmyndavinnu og miðlunar hugmynda samkvæmt hugmyndafræði hönnunarhugsunar, mikilvægi samvinnu, góðra samskipta, seiglu og rýni eigin hugmynda og annarra til gagns.

Hér má sjá einkunnadreifingu nemenda í STEAM.

Einkunn	8. b.
A	19,5%

B+	35,5%
B	36,5%
C+	5,5%
C	2%
D	1%
Aðlagað námsmat	0%
Samtals	100%

Grunnbættir menntunar

STEAM býður upp á samþætta og skapandi nálgun sem vinnur markvisst með alla sex grunnþætti menntunar samkvæmt aðalnámskrá.

Læsi í víðum skilningi er grundvöllur þess að geta greint upplýsingar, miðlað hugmyndum og skilja samhengi þekkingar. Í STEAM-verkefnum fá nemendur tækifæri til að nýta fjölbreytt tjáningarform; munnlega, skriflega, sjónrænt og hreyfanlegt, sem eflir skilning og samskipti.

Sjálfbærni er fléttuð inn í verkefni sem leggja áherslu á umhverfisvitund, endurnýtingu, samfélagslega ábyrgð og gagnrýna neysluhegðun. Verkefnin styðja þannig við meðvitund nemenda um áhrif eigin gjörða á umhverfi og samfélag.

Lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og velferð eru eðlilegur hluti samvinnu í STEAM-kennslu, þar sem allir fá rými til þátttöku, skoðanaskipta og samtals. Hópavinna, valdefling og jafnræði eru grundvallaratriði.

Sköpun er drifkraftur alls námsins – þar sem nemendur fá að hugsa út fyrir rammann, leita lausna og setja fram eigin hugmyndir í verkefnum.

Skólaþróun

STEAM er nýtt fag í Garðaskóla og mun deildin bæta við kennara í vetur og fá inn tímabundið ráðgjafa allt til að efla gæði náms og tryggja fjölbreytta sýn, sérhæfða þekkingu og víðtækari nálgun á kennslu og leiðsögn. Hver kennari kemur með ólíkan bakgrunn, reynslu og áherslur sem gefur nemendum dýpri innsýn í mismunandi aðferðir, faggreinar og hönnunarstefnur. Þetta bætir ekki aðeins faglega menntun heldur styður við skapandi og gagnrýna hugsun nemenda.

Mat á starfi skólaársins

Starfið í vetur gekk vel og margt sem hægt er nýta til lærdóms og þróunar fyrir næstu ár.

Helstu áskoranir nemenda í nýju fagi eins og STEAM felast í því að takast á við opnar, persónulegar og skapandi nálganir þar sem ekki eru til fyrir fram gefin svör eða úrlausnir. Nemendur þurfa að læra að vinna

sjálfstætt, taka ákvarðanir og treysta eigin hugmyndum. Þetta krefst þrautseigju, sjálfstrausts og getu til að takast á við óvissu – en skapar um leið dýrmæt tækifæri til vöxts og djúps náms.

STEAM hvetur nemendur Garðaskóla til nýsköpunar á öllum sviðum og læra nemendur þá færni og hæfni sem atvinnulíf og háskólar kalla eftir. STEAM er komið til að vera, það er framtíðin.

Berglind Laxdal, STEAM kennari

Stærðfræði

Stærðfræðikennarar á árinu voru Elena Einisdóttir, Elías Bragi Sólmundarson, Hulda Björk Guðmundsdóttir, Hulda Björk Guðmundsdóttir, Katrín Halldórsdóttir, Kristinn Sigurbergsson, Ragnheiður Stephensen og Svandís Ríkharðsdóttir.

Ferðaskipting

Í öllum árgöngum er nemendum skipt í fjórar ferðir. Í hægferð er farið hægar yfir efnið og sumu er sleppt. Þessir nemendur taka því sérstakt próf og fá stjörnumerktu einkunn. Í miðferð og hraðferð er farið yfir allt efni sem kenna á í grunnskólum, en munurinn er sá að færri nemendur eru í hópum í miðferð. Að lokum er svo flugferð þar sem nemendur ljúka efni grunnskólans í lok 10. bekkjar og fara því í fjölbrautahóp þegar komið er í 10. bekk þar sem nemendur ljúka við fyrsta þreps áfanga á framhaldsskólastigi.

Í töflunni má sjá hvernig nemendur skiptust hlutfallslega á milli ferða eftir árgöngum:

Ferðir	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Hægferð	10%	8%	12%
Miðferð	24%	20%	19%
Hraðferð	28%	40%	46%
Flugferð	38%	32%	
Fjölbrautahópur			23%

Nám og kennsla

Líkt og ávallt var lögð mikil áhersla á leiðbeinandi kennsluhætti, að nemendur viti til hvers er ætlast að þeim, þeir fái leiðsögn frá kennara og fái tækifæri til að bæta sig. Þetta gekk mjög vel og vinnan fólst í því að vera með stöðukannanir á eins til tveggja vikna fresti ásamt reglubókarverkefnum í lok hverrar lotu í öllum árgöngum. Í þessum verkefnum sjá nemendur algjörlega hvar þeir standa og hvar þeir þurfa að bæta sig. Eins og síðastliðin ár héldum við áfram með að láta nemendur fá yfirlit í lok hvers lotu sem sýnir hvernig gekk að ná hæfniviðmiðum lotunnar og gátu nemendur þá nýtt sér það ef tekið var endurtökupróf eða fyrir haust- og vorpróf.

Almenn stærðfræði er okkar aðal námsefni og eru þær bækur ófáanlegar og því höfum við þurft að ljósrita það efni sem vantar. Við erum orðin nokkuð sátt með okkar áætlanir og verkefni þar sem mikil áhersla er lögð leiðbeinandi kennsluhætti og meiri áherslu á verkleg verkefni.

Námsmat

Hér má sjá dreifingu einkunna í stærðfræði í vetur:

	8. bekkur	8. bekkur Flugferð	9. bekkur	9. bekkur Flugferð	10. bekkur
A	3%	12%	6%	20%	33%
B+	18%	66%	18%	53%	22%
B	35%	21%	21%	23%	15%
C+	15%	1%	13%	5%	7%
C	10%	0%	16%	0%	8%
D	4%	0%	14%	0%	13%
Aðlagð efni	16%		11%		2%

Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar fléttast inn í stærðfræðikennsluna, læsi á þar stærsta plássið þar sem alltaf er verið að vinna með stærðfræðilæsi samhliða náminu. Sköpunin hefur síðastliðin ár verið fastur liður í 10. bekk þar sem nemendur hanna eigin skúlptúr og búa hann svo til. Jafnrétti er höfð að leiðarljósi ásamt heilbrigði og velferð nemenda.

Skólapróun

Síðustu ár höfum við markvisst reynt að flétta meira inn í kennsluna verkleg verkefni sem hefur tekist vel og gefið nemendum dýpri skilning á efninu. Við höldum áfram að prófa okkur áfram í þeim efnum með ýmis konar fjölbreyttum verkefnum.

Að auki endurskoðuðum við ýmist námsefni og kannanir og breyttum og bættum í kjölfar reynslu fyrri ára.

Mat á starfi skólaársins

Kennsla á skólaárinu gekk vel þrátt fyrir að tvær stærðfræðistofur í viðbyggingu skólans hafi verið lokaðar í töluvert langan tíma í vetur. Það reyndi á skipulagshæfni og samstarf kennara í deildinni sem leystu það verkefni í sameiningu.

Elena Einisdóttir, fagstjóri í stærðfræði

Textíll og fatahönnun

Kennarar í textíl og fatahönnun á árinu voru þær Berglind Laxdal, Brynhildur Þórðardóttir og Guðrún Björk Einarsdóttir

Nám og kennsla

Þennan vetur voru 16 hópar af 8.bekkjum í textílkennslu. Kenndar voru tvær stundir á viku hálfan veturinn. Guðrún Björk sá um 10 hópa á meðan Brynhildur kenndi 6 hópum.

Kósý val var ein stund á viku allan veturinn. Það voru fjórir hópar skráðir, Brynhildur kenndi tveimur þeirra og Guðrún Björk sá um hina tvo.

Fatahönnun og endurnýting var ein stund á viku allan veturinn. Fjórir hópar voru leiddir af Berglindi og Guðrúnu Björk.

Stíll var tvær stundir á viku og var einn hópur skráður sem kláraði veturinn. Stílvali var stýrt af Brynhildi.

Í textíl og fatahönnun er ekki gert ráð fyrir heimavinnu nema ef vinna þarf upp vegna veikinda eða fjarveru eða ef ekki næst að ljúka verkefnum á skólatíma. Þrjú og heklúð verkefni er þó æskilegt að vinna að heima til að flýta fyrir vinnuferlinu.

Nemendur eru hvattir til að sýna frumkvæði og leita skapandi lausna og leiða. Hanna og aðlaga verkefni að sínum persónulega stíl. Gert er ráð fyrir að þau nái grunnhæfni á saumavélar og öðlist færni og sjálfstraust við helstu tæki og tól í textíl stofunni. Lögð er áhersla á að vinna með fjölbreyttar textílaðferðir og að skreyta verkefni á persónulegan hátt.

Mest er unnið með grunnþættina sköpun og sjálfbærni.

Námsmat

Í textílnámi Garðaskóla er verið að meta nemendur alla önnina þar sem beitt er símati, einnig eru nemendur látnir meta sig sjálf eftir hvert verkefni varðandi vinnusemi, frágang, innblástur og hugmyndavinnu, úrvinnslu og lokaafurð.

Nemendur bera ábyrgð á að skrá verkefnin sín á leiðsagnar- og sjálfsmatsblað og þar koma fram þau hæfniviðmið sem unnið er með í hverjum árgangi. Kennarar fara yfir matsblöðin með nemendum þegar líður á önnina og lagt er á ráðin með framhaldið. Til hliðsjónar eru námsmatskvarðar þannig að nemandi á að geta áttað sig á stöðunni og metið sig á raunhæfan hátt enda eru þeir hafðir sýnilegir í textílstofunni.

Einkunn	8. b.	9. b.	10.b.
A	8,2%	10,9%	14,3%
B+	23,5%	29,2%	42,9%
B	46,2%	29,2%	28,5%
C+	18,1%	12,3%	0%
C	4,0%	4,6%	0%
D	0%	13,8%	14,3%
Aðlagað námsmat	0%	0%	0%

Samtals	100%	100%	100%
---------	------	------	------

Grunnbættir menntunar

Textílnám í Garðaskóla byggist mest á sköpun og hugmyndavinnu með sjálfbærni að leiðarljósi þar sem nemendur læra að vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan og persónulegan hátt. Ætlunin er að nemendur þroski með sér samhæfingu hugar og handar og læri að beita fjölbreyttum aðferðum greinarinnar. Textílmennt gefur nemendum kost á að þróa með sér persónulegan stíl í klæðnaði þar sem verið er að læra að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi fyrir þau. Einnig er mikilvægt að þeim sé gefin kostur á að endurnýta efni eða flíkur í verkefnavali sínu til að læra um endurnýtingu og sjálfbærni. Nemendur öðlast þá umhverfisvitund og læra um umhverfisáhrif textíliðnaðarins. „Sköpun, læsi og sjálfbærni eru stoðir sem eru samofnar textílmenningu og í textílmennt er tækifæri til þess að vinna með þær á áþreifanlegan hátt og tengja við aðra þætti til að efla skilning nemenda“ líkt og segir í aðalnámskrá grunnskólanna.

Nemendur Garðaskóla eru hvattir til að sýna frumkvæði í efnistöðum, úrvinnslu og lokaafurð og vera áræðin við að leita nýrra lausna í hönnun sinni. Lögð er áhersla á að efla verkfærni og að nemendur læri helstu vinnubrögð í saumaskap, að taka upp snið og geti unnið eftir einföldum uppskriftum, þjálfist í máltöku, geti áætlað stærðir og efnisþörf, að þau læri að vinna sjálfstætt og fylgja eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar. Nemendur læra að nýta margvíslega miðla við upplýsingaöflun fyrir innblástur og hugmyndavinnu og eiga að geta gert grein fyrir og miðlað um uppruna og eiginleika textílefna og sett í samhengi við sjálfbærni.

Nemendur þjálfast í að leggja mat á eigin vinnubrögð og segja frá verkefnum sínum, hvaðan hugmyndin og innblásturinn kemur og setja textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir og nýsköpun. Nemendur læra gott handbragð og gera sér grein fyrir gildi handverks, skilning á vinnuferli og hönnunarhugsun.

Skólaþróun

Veturinn gekk vel fyrir sig og fékk deildin góða innspýtingu í kennsluna með tveimur nýjum kennurum til viðbótar. Þar með jókst faglegt samtal innan deildarinnar og stuðlaði að stöðugri endurskoðun og þróun kennsluhátta. Hver kennari kemur með ólíkan bakgrunn, reynslu og áherslur sem gefur nemendum dýpri innsýn í mismunandi aðferðir, faggreinar og hönnunarstefnur. Þetta bætir ekki aðeins faglega menntun heldur styður við skapandi og gagnrýna hugsun nemenda.

Deildin fékk nú á vordögum þróunarstyrk frá Garðabæ fyrir verkefnið “Ekki rusl heldur fjársjóður” þar sem endurskoðað á alla kennslu textíl- og fatahönnunar við Garðaskóla m.t.t. endurnýtingar og hringrásarhagkerfisins.

Hringrásarhagkerfi og sjálfbær þróun eru orðin óumflýjanleg viðfangsefni í samtímanum, ekki síst innan textíl- og fatahönnunar. Í ljósi umhverfisáhrifa greinarinnar er brýnt að fræða nemendur um ábyrgð sína sem framtíðar hönnuðir og áhrif þeirra á framleiðslu, neyslu og textílúrgang. Kennsla í textíl- og fatahönnun leggur

því framvegis aukna áherslu á vistvæn vinnubrögð, endurnýtingu efna og hringrásarhugsun sem grundvöll skapandi og meðvitaðrar hönnunar.

Með því að kenna nemendum að nýta notuð efni, gera við, umbreyta og lengja líftíma fatnaðar og textíls almennt, eykst skilningur þeirra á virðiskeðju vöru og möguleikum til nýsköpunar innan sjálfbærrar hönnunar. Þannig eru ekki einungis kennd fagleg vinnubrögð, heldur einnig siðferðileg og samfélagsleg ábyrgð.

Slík kennsla styrkir nemendur í að móta gagnrýna og lausnamiðaða hugsun, og undirbýr þá fyrir framtíð þar sem sjálfbærni verður óaðskiljanlegur hluti af hönnunar- og framleiðsluferlum. Ábyrg textíl- og fatahönnunarkennsla gegnir þar með lykilhlutverki í að byggja upp sjálfbæra menntun og atvinnugrein sem tekur mið af umhverfis- og samfélagslegum áskorunum nútímans.

Mat á starfi skólaársins

Í haust bættust við tveir nýir kennarar með mikla og fjölbreytta reynslu í textíl og fatahönnun. Hefur það styrkt stöðu textíldéildarinnar þar sem samstarf og samvinna er nú í öllum árgöngum.

Kennslustofan er nýuppgerð og hefur reynst mjög vel. Eitthvað smávegis er eftir kaupa og gera til að ljúka við að koma hlutunum sem best fyrir. Skjávarpatjaldið er of stórt, hefðum viljað fá rúllugardínu inn í glerið á kennaraherberginu til að nota glerið sem töflu og flokkunarbox í skápa og skúffur.

Almennt gekk starfið vel í vetur en það sem betur má fara höfum við rætt og ætlum að bregðast við. Unnin var með fjölbreyttar textílaðferðir og verkefni í öllum árgöngum. Í 8.bekk næsta vetur stefnum við að því að þrengja valið og fá alla til að gera tölvupoka. Þokanna er hægt að vinna og skreyta á persónulegan hátt úr endurnýttu efni. Hlutverk tölvupokanna er að verja tölvuna og við tókum eftir að þeir voru í notkun hjá þeim sem saumuðu þá í vetur sem var gleðilegt. Í framhaldi af fyrsta verkefninu verða fjölbreytt valverkefni og textílaðferðir lagðar inn. Áhersla var á að vinna með fleira en eina textílaðferð í verkefnavinnu og það er forsenda þess að fá einkunnina B. Valhópar unnu fjölbreytt verkefni og við fórum í auknum mæli að vinna með endurnýtt efni og breyta flíkum. Það verður leiðarstefið næsta vetur þar sem markmiðið er að fara alfarið út í endurnýtingu og fræðslu um umhverfisáhrif textíldnaðarins. Horfið var frá því að hafa tvöfaldar kennslustundir og því er æskilegt að hafa valhópa ekki fjölmenna svo náist að sinna öllum nemendum.

Einn hópur keppti í Stíl fatahönnunarkeppni Samfés fyrir hönd Garðalundar og kom, sá og sigraði. Aðrir hópar unnu búninga en kusu að keppa ekki. Stílvalið er nú komið með hæfniviðmið sem unnið er með og námsmat fyrir valgreinina.

Mæting í valgreinum var ábótavant hjá nokkrum nemendum og er miður að þurfa að gefa lélega einkunn eða jafnvel D. Þeir nemendur sem nú voru í vali höfðu litla þjálfun fengið í vélsaumi þar sem kennsla hafði farið fram á bókasafni árinu áður. Nú ættu þeir sem lokið hafa 8.bekk að vera betur undirbúin.

Sóknarfærin í textíl- og fatahönnun felast í aukinni fræðslu á áhrif tískuiðnaðarins á umhverfið og fá þau til að breyta neysluvenjum. Markmið með fræðslunni er að hreyfa við þeim og fá þau til að bregðast við. Átta sig á að það reynir á auðlindir jarðar að framleiða hvert einasta textílefni sem við notum. Fatasóun, hraðtíska,

mengun og ofgnótt verða lykilhugtök næsta vetur. Við teljum að skólinn beri mikla ábyrgð á að uppfæra nemendur um mengunaráhrif textíliðnaðarins og gera þá að ábyrgum neytendum. Væntingar okkar eru að nemendur uppgötvu hvað endurnýting er skapandi og skemmtileg leið, kostar minna fyrir þau og umhverfið.

Berglind, Brynhildur og Guðrún Björk, textílkennarar

Skýrsla skólasafns Garðaskóla

Forstöðumaður Upplýsingavers Garðaskóla er Anna Ingibergsdóttir kennari en einnig starfar Svanhildur E. Guðmundsdóttir sem bókavörður í hálfu starfi. Verkaskipting þeirra á milli var þannig að Anna skráir inn nýjar bækur í bókasafnskerfið Ölmú og sér um fréttabréf Upplýsingaversins sem sent er út einu sinni í mánuði. Svana sér um almenna afgreiðslu, aðstoðar nemendur við val á bókum, plöstun á bókun, útlán og raðar í hillu. Hjördís Eva Ólafsdóttir deildarstjóri hefur einnig starfsaðstöðu í Ásnum.

Opnunartími skólasafnsins var sem hér segir:

Mánudagar	8:10 – 15:30
Þriðjudagar	8:10 – 14:30
Miðvikudagar	8:10 – 15:30
Fimmtudagar	8:10 – 15:00
Föstudagar	8:10 – 14:30

Starfsemi safnsins

Skólasafninu er ætlað að vera vettvangur náms og fræðslu. Þangað eiga nemendur og starfsmenn að geta leitað til upplýsingaöflunar og úrvinnslu margs konar verkefna. Þar eru tiltækar margs konar bækur, skáldsögur og fræðibækur sem hvetja og örva nemendur til yndislestrar. Nemendur nýta safnið mikið. Sumir til náms og aðrir sem samastað en nokkuð vantar upp á að nemendur taki tillit til þeirra sem sækjast eftir næði til lestrar og náms. Þá koma nemendur til að tefla og spila á spil en það hefur verið vinsælt í vetur. Vel gekk að skrá alla nemendur og starfsmenn í bókasafnskerfið Ölmú.

Ákveðið var að leyfa nemendum að taka mynd af sínu strikamerki þannig að þegar þeir kæmu á safnið til að taka bók þá sýna þeir sitt strikamerki í gemsanum sínum sem við skönnum og síðan skönnum við bókina sem þeir taka. Þetta flýtir fyrir afgreiðslu, sérstaklega ef heill bekkur kemur í einu. Ákveðið var að leyfa nemendum að vera í símanum sínum á safninu þó með ákveðnum reglum. Símanotkun nemenda gekk vel og verður því leyfð áfram.

Ýmsar upptækur voru á safninu yfir veturinn. Bókasafnsdagurinn fór fram þann 8. september og fór þá fram bókagetráun þar sem nemendur gátu unnið gjafabréf í ísbúð. Í tilefni Hrekkjavökunnar þann 31. október var safnið skreytt og ýmsar bækur tengdar hrekkjavöku voru til sýnis. Í tilefni að Bleikum degi þann 23. október var safnið skreytt, bleikum bókum stillt upp og sérmerkt bókamerki voru í boði.

Nemendur gátu tekið þátt í HM getraun á safninu í byrjun árs. Nemendur gátu giskað á nokkur atriði svo sem hver verður markahæsti leikmaður Íslands, hver verður markahæsti leikmaður mótsins svo eitthvað sé nefnt og tóku 34 nemendur þátt. Dagur Ingi Línal Ingason í 8-ALH var með flest svörin rétt og hlaut hann 2 bíómiða og popp og kók að gjöf.

Í fréttabréfi Upplýsingavers í maí var skilakeppni á bókum kynnt. Sá bekkur sem skuldar fæstar bækur þann 15. maí vinnur sér inn Lúxus karamellu toppís frá Kjörís. Það voru bekkirnir 8-RA og 8-EHR sem hlutu báðir verðlaunin, Toppís frá Kjörís.

Fréttabréf Upplýsingavers Garðaskóla

Útbúið var fréttabréf Upplýsingavers í Smore.com sem sent var út í byrjun hvers mánaðar bæði á nemendur, forráðamenn og starfsmenn skólans. Almenn ánægja er með fréttabréfið. Í fréttabréfinu kemur fram allt sem fram fór á skólasafninu, nýjar bækur, viðburðir ofl. Á þessari slóð er hægt að sjá slóðir í öll fréttabréfin sem voru gefin út á skólaárinu <https://secure.smores.com/n/h2m46k>.

Í fréttabréfi Upplýsingavers sem kom út 1. apríl kom fram að nú gætu nemendur afgreitt sig sjálfir á safninu og voru þeir hvattir til að mæta strax í dag (1. apríl) til að prófa kerfið. Alls mættu 5, 2 kennarar og 3 nemendur og auðvitað var um apríl gabb að ræða. Öllum fannst þetta sem betur fer bara fyndið

Safnkostur

Fjöldi nýrra bóka á skólaárinu voru 243 eintök. Leitast er við að kaupa flestar nýútgefnar bækur sem henta nemendum skólans. Bætt hefur verið inn í seríur og bækur sem hefur þurft að endurnýja. Við fáum einnig ábendingar frá nemendum og kennurum um bækur sem þau vilja lesa og vantar á safnið og reynt er að verða við þeim óskum. Inn í tölunni 243 eru líka bækur sem okkur voru gefnar eða 46 stk. Í lok árs var öllum bókum sem eldri nemendur (fæddir 2008 og fyrr) voru með skráðar á sig eytt úr kerfinu.

	Útlán 2024	Útlán 2023	Útlán 2022
Fjöldi bóka	3465	3538	3765

Jólabækur voru keyptar í byrjun desember og einnig var farið á bókamarkað í janúar og mars til að auka við bókakost safnsins. Að auki voru einstaka bækur keyptar jafnt og þétt yfir veturinn.

Kynningar á safninu

Á skólasafninu fóru fram kvöldkynningar fyrir foreldra í 8. bekk, þrjá mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga frá 26. september til 12. október.

Kynning fyrir nemendur í 8. bekk fór fram á skólasafninu 19. september fyrir þrjá bekk og kláruðust í byrjun október fyrir hina bekkina. Farið var í atriði s.s. opnunartíma, reglur, heiti rýma. Því miður var ekki hægt að sýna nemendum Þristinn og Lego herbergið þar sem þau rými voru undir framkvæmdum.

Þorgrímur Þráinsson hélt einnig fyrirlestur fyrri nemendur í 10. bekk. á Læsisdaginn þann 19. desember.

Topplisti útlána fyrir 2024

Hér er listi yfir þær bækur sem voru vinsælastar í útláni á skólaárinu:

1. Tár, bros og takkaskór (Þorgrímur Þráinsson)
2. 40 vikur (Ragnheiður Gestsdóttir)
3. Rústirnar (Birgitta Elín Hassel)
4. Vetrarfrí (Hildur Knútsdóttir)
5. Adam, ég og Annika (Þórunn Rake! Gylfadóttir)
6. Palli Playstation (Gunnar Helgason)
7. Óttulundur (Marta Hlín Magnadóttir)
8. Orri óstöðvandi - bókin hennar Möggu Messi (Bjarni Fritzson)
9. Orri óstöðvandi - (kapphlaupið um silfur Egils)
10. Dagbók Kidda klaufa - brot og braml (Jeff Kinney)
11. Henri rænt í Rússlandi (Þorgrímur Þráinsson)
12. Fóstur (Claire Keegan)

Tölvur og tæki

Í Ásnum eru 3 borðtölvur fyrir nemendur. Í Þristinum er einn þrívíddarprentari og einn vínlskeri. Þar eru einnig 6 borðtölvur. Þar er einnig að finna green-screen vegg. Skólinn fjárfesti í vetur í hitapressu sem var fyrst staðsettur í geymslunni þar sem þrívíddarprentarinn er vegna myglu en var fluttur í lok skólaárs í textílstofuna. Engin hleðslutæki voru í boði fyrir nemendur eins og var þegar safnið lánaði Chrome tölvur til nemenda. Svana sá um að setja próf á spilara fyrir kennara. Spilarana nota nemendur sem eiga erfitt með lestur. Prófin gerði Hjördís Eva deildarstjóri tilbúin fyrir spilarana.

Anna Ingibergsdóttir, forstöðumaður skólasafns Garðaskóla

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa

Í Garðaskóla eru tveir námsráðgjafar í fullu starfi, Ásta Gunnarsdóttir og Elfa Arnardóttir, en sú síðarnefnda hóf störf við skólann í upphafi skólaárs. Námsráðgjafar eru talsmenn nemenda og vinna að velferð þeirra sem m.a. snýr að líðan, námi og framtíðaráformum. Námsráðgjafar vinna í góðu samstarfi við nemendur og forráðfólk, starfsmenn skólans og félagsmiðstöðina Garðalund ásamt fræðslu- og menningarsviði og fjölskyldu- og heilbrigðissviði Garðabæjar og Heilsugæsluteymi Garðabæjar. Námsráðgjafar hitta einnig námsráðgjafa úr öðrum grunnskólum Garðabæjar á samráðsfundum.

Náms- og starfsráðgjöf: Einstaklingsmiðuð ráðgjöf

Námsráðgjafar hitta stóran hóp nemenda í einstaklingsmiðaðri ráðgjöf ásamt því að vera í teyrum utan um einstaka nemendur sem þurfa meiri stuðning. Haldnir voru fundir í nemendateyrum eftir þörfum, vikulega, mánaðarlega eða reglulega yfir skólaárið. Oftast sitja nemendur teymisfundina ásamt foreldrum/forráðafólki og þeim aðilum sem koma að málefni nemandans.

Nemendur nálgast námsráðgjafa skólans eftir mismunandi leiðum, margir koma beint á skrifstofu námsráðgjafa eða eftir beiðni í gegnum forráðafólk og/eða umsjónarkennara.

Skólaforðun er áfram vaxandi vandamál og er ástæða til að hafa áhyggjur af þessum hópi nemenda. Oft er erfitt að ná til þeirra vegna fjarveru. Þónokkur tími fer í að skipuleggja leiðir til lausna og þó að allir séu af vilja gerðir virðist oft erfitt að ná árangri. Það þarf að huga að líðan þessara nemenda og leita allra leiða með aðstoð forráðafólks til að vinna þau aftur inn í skólann. Nemendur sem missa tökin hvað varðar skólasókn þróa oft með sér kvíða og veikja félagslega stöðu sína á meðan góð skólasókn er lykillinn að góðum námsárangri, betri félagslegri stöðu nemandans og stuðlar að betri líðan.

Náms - og starfsráðgjöf: Hópráðgjöf og fræðsla

Í upphafi hvers skólaárs kynna námsráðgjafar sig og starfsemi sína fyrir öllum nýjum nemendum skólans, bæði þeim sem byrja í 8. bekk og nýjum nemendum í 9. og 10. bekk. Nýjum nemendum í 9. og 10. bekk er fylgt eftir með einstaklingsviðtölum og viðtölum/símtölum til forráðafólks eftir þörfum. Nemendum í 8. bekkjum er boðið í heimsókn til námsráðgjafa í minni hópum. Þá fer fram kynning á starfi námsráðgjafa og einnig er rætt um samskipti og mikilvægi góðs bekkjaranda. Á þessu skólaári fór einnig fram hópráðgjöf þegar upp komu samskiptamál innan bekkja. Þá var m.a. unnið með jákvæð samskipti, ýtt undir samstöðu og rætt um mikilvægi þess að öllum líði vel.

Í 10. bekk er námsframboð framhaldsskólanna kynnt á haustönn og farið er yfir innritunarferli á vorönn. Foreldrum/forráðafólki var haldið upplýstum með reglulegum tölvupóstum og sumir óskuðu eftir viðtali. Á heimasíðu Garðaskóla er vefsvæði fyrir 10. bekk svokallaður *Framhaldsskólaveggur* þar sem er að finna góðar upplýsingar um námsframboð, dagsetningar á opnum húsum og fleiri upplýsingar sem tengjast því að fara yfir á næsta skólastig. Opin hús í framhaldsskólum voru einnig vel auglýst inni í bekkjum, með tölvupóstum og með auglýsingum víðsvegar um skólann.

Öllum nemendum í 10. bekk var boðið að taka áhugakönnunina Bendil í upphafi árs en 136 nemendur þáðu það. Tekið var við nemendum í tölvustofu þar sem fór fram stutt kynning á náms- og starfsvali og uppbyggingu könnunar. Greitt var fyrir þátttöku (1450 kr.) í gegn um Abler í samstarfi við Garðalund. Næstu vikur á eftir var nemendum boðið í einstaklingsviðtal hjá námsráðgjafa til að skoða og túlka niðurstöður könnunar m.t.t. námsvals í framhaldsskóla. Það fóru nokkrar vikur í þessi viðtöl sem eru tímafrek en virðast skila sér vel í ákvarðanatöku um nám í framhaldsskóla.

Nemendaráðgjöf

Fjórtán stúlkur voru í Nemendaráðgjöf í ár. Nemendaráðgjöf er valfag og er hugsað sem jafningjafræðsla og vettvangur m.a. til að bæta skólann. Nemendaráðgjafar hittu nemendur í 8.bekkjum í fjórgang. Þau fóru m.a. með þeim í leiki, voru með fræðslu um það að vera nemandi í 9. bekk í Garðaskóla og voru með hjúkrunarfræðingi skólans að kenna þeim skyndihjálpi.

Atvinnutengt nám

Nokkrir nemendur í 9. og 10. bekk hafa verið í atvinnutengdu námi í vetur. Atvinnutengt nám er ætlað nemendum sem hafa dregist verulega aftur úr í námi, hafa átt í erfiðleikum með skólasókn eða þurfa að styrkjast félags- og/eða tilfinningalega. Markmiðið er m.a. að bæta líðan nemenda og styrkja sjálfsmynd þeirra og ábyrgð. Á skólaárinu voru fjórir nemendur, bæði í 9. og 10.bekk í atvinnutengdu námi sem reyndist þeim vel. Námsráðgjafar unnu í góðu samstarfi við nemendur, forráðafólk, vinnustaði nemenda og launadeild Garðabæjar að framgangi atvinnutengda námsins.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Í vetur var áfram þónokkur hópur nemenda erlendis frá sem þurfti sérstaklega mikinn stuðning. Mynduð voru teymi í kringum þessa nemendur og voru námsráðgjafar í nokkrum þeirra. Ljóst er að huga þarf vel að þessum hópi og þau þurfa mikinn stuðning við val á framhaldsskóla og innritun. Þá fylgdu námsráðgjafar skólans nokkrum nemendum á opin hús framhaldsskólanna.

Endurmenntun og viðhald fagþekkingar námsráðgjafa skólaárið 2024-2025

Viðfangsefni:	Á vegum/staðsetning:	Dags:
Vinnudagur – Samskiptasáttmáli Garðabæjar	Sveinatunga	Ágúst
Utís - online	Utís	Sept.
Samráðsfundur námsráðgjafa Garðabæjar	Hofsstaðaskóli	Sept.
Samskiptasáttmáli Garðabæjar - Stýrihópur	Sveinatunga	Okt.
Fyrirlestur um ofbeldi og hegðunarerfiðleika	Garðaskóli	Okt.
Samráðsfundur námsráðgjafa Garðabæjar	Sjálundsskóli	Nóv.
Kynning á námsframboði í FÁ	Fjölbrautaskólinn v. Ármúla	Des.
Samráðsfundur námsráðgjafa í Garðabæjar	Garðabær	Des.
Kynning á námsframboði og inntökuskilyrðum í MK	Menntaskólinn í Kópavogi	Jan.
Fundur fyrir námsráðgjafa – innritun í framhaldsskóla, nýtt umsóknarkerfi. Vefurinn <i>Næsta skref</i> kynntur	Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, Víkurhvarfi	Jan.
Ungmenni og vímuefnaneysla	Náum áttum	Jan.
Líf sem er lífsins virði - netnámskeið	NORTH Consulting ehf.	Jan.

Kynning á námsframboði fyrir námsráðgjafa í MH	Menntaskólinn v.Hamrahlíð	Feb.
Heimsókn í Flensburg – kynning á námsframboði	Flensburg	Mars
Heimsókn í Kvennó – kynning á íslenskubraut fyrir erlenda nemendur	Kvennaskólinn í Reykjavík	Mars
Mín framtíð – framhaldsskólakynning og Íslandsmót iðngreina	Mennta- og barnam.ráðuneyti ofl.	Mars
Heimsókn með nemendaráðgjafa í Unicef – kynning á starfsemi þeirra á Íslandi	Skrifstofa Unicef Hf.	Apríl
„Ég og framtíðin“. Kynning og umræður um verkefnabók í náms- og starfsfræðslu. Netfundur.	Félag náms- og starfsráðgjafa	Maí
Heimsókn og kynning á námsframboði Námskrafts, FÁ.	Námskraftur, Suðurlandsbraut	Maí
Samráðsfundur námsráðgjafa Garðabæjar	Garðabær	Maí
Stelpur og tækni	Háskólinn í Reykjavík	Maí
Forvarnir foreldra	Náum áttum	Júní

Önnur verkefni námsráðgjafa

- *Seta í áfallaráði skólans*
- *Seta í nemendaverndarráði skólans*
- *Seta í samskiptateymi skólans*
- *Seta í ástundunarteymi skólans*
- *Kynning og þátttaka á bekkjarkvöldum fyrir nemendur og foreldra í 8. bekk*

Húsnæðismál - aðstaða námsráðgjafa

Í byrjun skólaársins voru námsráðgjafar ekki með aðstöðu fyrir starfseminum þar sem enn voru framkvæmdir. Skólaárið hófst á því að báðir námsráðgjafar deildu einni lausri kennslustofu og má segja að það hafi sett starfið í nokkurn vanda. Það þurfti að skiptast á að taka viðtöl við nemendur og leita leiða á hverjum degi svo hægt væri að halda úti starfseminni. Í byrjun október var aðstaða námsráðgjafa tilbúin sem gerði skipulag starfsins betra ásamt því að hafa jákvæð áhrif á líðan og heilsu.

Lokaorð

Námsráðgjafar koma að málum margra nemenda en megin ástæður fyrir komu þeirra eru námslegur stuðningur, líðan, námstækni, samskipti og einnig viðtöl tengd vali á námi á framhaldsskólastigi. Einnig kemur hópur nemenda sem þarf stuðning og hvatningu eins og hvað varðar ástundun. Aðrir nemendur koma til okkar og/eða í aðstöðu námsráðgjafa til að leita athvarfs. Nemendur nýta sér þjónustu okkar með ólíkum

hætti, einhverjir koma einu sinni eða í nokkur skipti en ákveðinn hluti nemenda er í reglulegum viðtölum stóran hluta skólaársins. Nokkrar áskoranir eru í starfi námsráðgjafa og þá ber helst að nefna stuðningur og þjónusta við börn með skólaforðun og einnig má nefna aðgang að nemendum fyrir fræðslu og kynningar en það er hægt með góðum vilja og góðu samstarfi við umsjónar- og fagkennara.

Á næsta skólaári væri spennandi að leita leiða til að prófa nýtt námsefni í náms- og starfsfræðslu, *Ég og framtíðin* frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Það er heilstætt náms- og starfsfræðslu efni með verkefnabókum fyrir nemendur sem geta þá unnið markvisst að sjálfsþekkingu, kynnst námsframboði og geta lært að móta eigin náms- og starfsferil.

Ásta Gunnarsdóttir og Elfa Arnardóttir, náms- og starfsráðgjafar.